



Vor í Vík 23.–27. apríl

Dagana 23.–27. apríl verða umhverfis og menningar dagar haldnir í Mýrdals-hreppi. Yfirskrift daganna er *Vor í Vík*. Helstu áherslur þessara daga eru að fá fólk til að huga að umhverfinu, stunda hreyfingu og útvist og fjölga samverustundum íbúa sveitarfélagsins.

Markmiðið er að efla fræðslu, snýrta umhverfið og eiga skemmtilegar samverustundir með fjölskyldu, vinum og nágrönnum. Fyrirtæki og íbúar eru sérstaklega hvattir til að taka þátt í verkefninu.

Menningarnefnd og umhverfismálanefnd Mýrdals-hrepps standa að þessum dögum ásamt sveitarfélaginu, ýmsum félagasamtökum og velunnurum. ög



Ný myndlistarsýning opnuð í Hótel Selfossi

Sumardaginn fyrsta 25. apríl verður opnuð sýning í Hótel Selfossi þar sem 22 félagar Myndlistarfélags Árnesháls sýna verk sín. Formleg opnun verður kl. 17:00 en þá verður setning á bæjarhátíðinni *Vor í Árborg*. Einnig verður félagið með opnar vinnustofur í Sandvíkursetri við Bankaveg á Selfossi föstudaginn 26. apríl kl. 16–18 og laugardaginn 27. apríl kl. 13–17. Félagar sýna verk þar verk sín og heitt verður á könnunni.



Fengu Grænfánann í fjórða sinn

Þann 3. apríl sl. fékk Grunn-skólinn í Hveragerði afhentan sinn fjórða Grænfána. Mikil vinna liggur að baki hverjum Grænfána en þemun, sem unnið hefur verið eftir sl. tvö ár, er náttúruvernd og áttthagar. Verkefni þessu tengd eru til að mynda árgangagöngur að hausti þar sem hver árgangur gengur saman um helstu göngu-leiðir í nágrenninu. Þá fer 1. bekkur í stutta göngu en svo lengjast ferðirnar eftir því sem nemendur eldast og þegar komið er í 10.

bekk er farið í dagsöngu frá Nesjavöllum gegnum Marardal og niður hjá Hveravöllum. Þá eru allir árgangar með útitíma í stundaskrá sem nýttir eru til ýmissa verka sem tengjast náttúrufræði og umhverfisvitund. Umhverfisnefnd skólans er skipuð bæði nemendum og starfsfólki sem vinnur að því að halda umhverfisvitund innan skólans á lofti. Næsta verkefni er svo að vinna með loftslagsmál og hvernig við sem einstaklingar getum minnkað kolefnismengun.

Sólheimaleikhúsið frumsýnir leikritið *Leitina að sumrinu*

Sólheimaleikhúsið frumsýnir leikritið *Leitina að sumrinu* á sumardaginn fyrsta. Leikritið fjallar um Jón sem hefur aldrei upplifað neitt annað en sumar en lendir í því einn daginn að Kári kemur ásamt sínum mönnum og tekur sumarið til að búa til pláss fyrir haustið. Síðan koll af kolli þarf Jón að upplifa vetur og vor líka og læra að meta allt það sem gerir hverja árstíð svo skemmtilega. Svo kemur í ljós hvort hann finnur aftur sumarið.

Höfundar eru leikstjórinn Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson, Ástþór Ágústsson og Magnús Guðmundsson. Tónlistina semur Hallbjörn V. Rúnars-

son forstöðuþroskaþjálfari á Sólheimum. Rúmur helmingur íbúa og starfsmanna Sólheima koma á einhvern hátt að sýningunni. Frumsýning er fimmtudaginn 25. apríl kl. 14:00.

Nánari upplýsingar um sýningar eru á www.solheimar.is. Allir eru hjartanlega velkomnir.



Það er alltaf fjör og gleði á Sólheimum.

Útgáfudagar um páskana

Um páskana kemur Dagskráin út þriðjudaginn 16. apríl og síðan næsta blað þriðjudaginn 30. apríl. Skil á efni og auglýsingum í blaðið sem kemur út 30. apríl er fyrir hádegi föstudaginn 26. apríl.

Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**
Selfossi · Sími 699 1985 · 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013


Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



PALLA BALL



PÁSKAR 2019
HVÍTA HÚSIÐ 21. APRÍL

FORSALA Í GALLERÍ OZONE OG Á TIX.IS



Vortónleikaröð Karlaðórs Rangæinga tókst vel

Karlaðór Rangæinga hélt ferna tónleika í síðustu viku, í Salnum í Kópavogi, Skálholti, Þykkvabæ og Kirkjubæjarklaustri. Auk þess að syngja á dvalarheimilunum Lundi og Hjallatúni og halda opna æfingu í félagsheimilinu Leikskálum í Vík. Gestasöngvari var hinn landsfrægi stórtenór Óskar Pétursson frá Álftagerði. Tónleikarnir tókust virkilega vel og voru fjölsóttir. Að venju

hófust allir tónleikar á laginu „Rangárþing“ sem er einkennislág kórsins, lag eftir Björgvin Þ. Valdimarsson og ljóð eftir Sigurjón Guðjónsson. Óskar Pétursson hafði á orði að hér væri svo sannarlega „draumalandið“ sem jafnframt var eitt þeirra laga sem Óskar flutti. Hægt er að sjá upptökur af lögum kórsins á facebook.com/karlakor.rangæinga.



Karlaðór Rangæinga ásamt Guðjón Halldóri Óskarssyni stjórnanda, Glódísi Margréti Guðmundsdóttur undirleikara og Óskari Péturssyni gestasöngvara.



Efri röð f.v.: Wojciech Kowalczyk, Pálína Slizowska, Joana Filipa Palma Jeronimo, Grzegorz Michal Maruszak, Joanna Maruszak, Sebastian Kozlowski, Jan Radoslaw Bielec, Karolina Palikij, Agnieszka Lacek, Ewa Kuszlewicz, Alina Florian, Emilia Ignat, Felicia-Ramona Macinic, Elena Pufleani, Danu Coliba. Neðri röð (sitjandi) f.v.: Anna Kr. Ásmundsdóttir (kennari), Bianca Elena Diaconu, Gabriela Chirileac, Johnny Martin Kjerhus Sörensen. Fremst: Ævar Eyfjörð Sigurðsson, bússtjóri Flúðasveppa og Ragnheiður Georgsdóttir, markaðs- og viðburðastjóri.

Stoltir starfsmenn læra íslensku

Farmers Bistro, Flúðasveppir og Flúða-Jörfi buðu starfsmönnum sínum fyrir skömmu upp á íslenskunámskeið, þeim að kostnaðarlausu. Mjög góð þátttaka var en 22 skráðu starfsmenn á námskeiðið.

„Við erum með um 45 starfsmenn í öllum fyrirtækjunum og okkur finnst mikilvægt að samskiptin séu góð og að það sé töluð íslenska á vinnustaðnum. Starfsmenn eru mikilvægasta auðlind fyrirtækisins. Við viljum að starfsmenn séu stoltir af fyrirtækinu og leggi allan sinn metnað í að því gangi vel. Fyrirtækinu er umhugað um sitt starfsfólk og eru auðlindir fölgna í þekkingu og hæfni þess. Með markvissri hjálfun starfsmanna þá öðlast þeir sjálfstraust og verða öruggari í starfi. Fræðslunet Suðurlands vinnur þetta verkefni með okkur og hefur samstarfið gengið mjög vel,“ segir Ragnheiður Georgsdóttir markaðs- og viðburðastjóri fyrirtækisins.

„Fyrirtækin hafa stækkað og fleiri starfsmenn verði ráðnir til dæmis eftir að við opnuðum veitingahúsið Farmers Bistro fyrir rúmu ári, en það hefur gengið mjög vel. Það er marga á döfinni hjá okkur, ekki bara íslenskunámskeiðið fyrir starfsmennina. Flúðasveppir eru á fullu í vörupróun. Við erum í sömu stöðu og margir aðrir varðandi skort á íbúðarhúsum.



Frá íslenskunámskeiðinu.



Farmers Bistro byggir á svokallaðri Slow food stefnu þar sem áhersla er lögð á nýtingu hráefnis úr nærumhverfi.

næði fyrir starfsmenn og í því sambandi munum við reisa hér starfsmannaíbúðir í vor. Íbúðirnar verða úr límtréseiningum, svo við séum nú að halda okkur við nærumhverfið eins og á Farmers Bistro. Á Farmers Bistro aðhyllumst við nefnilega

„Slow food“ og leggjum áherslu á nýtingu hráefnis úr nærumhverfi. Við viljum efla vitund fólks um mikilvægi matarmennningar, þekkingar, hefða og landfræðilegan uppruna matvæla,“ segir Georg Ottósson, eigandi Farmers Bistro.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

VOR Í
ÁRBORG

VOR Í ÁRBORG

Bæjar- og menningarhátíð haldin 25. – 28. apríl í Sveitarfélaginu Árborg. Fjöldi sýninga, tónleika og annarra viðburða fyrir alla fjölskylduna.

„Gaman saman“ leikurinn á sínum stað.

Nánar um hátíðina á www.arborg.is.

www.arborg.is



Mikið úrval af skemmtilegum
fermingargjöfum.

Verið velkomin í heimsókn.

Motivo

Hönnun, tíska og gjafavara

Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is



Nautgripabændur - athugið!

Getum bætt við okkur kúm til slátrunar.
Sláturentanir í síma 480 4100.

Sláturfélag Suðurlands, Selfossi

Vorfagnaður eldri borgara á Hótel Örk

Vorfagnaður Félags eldri borgara Hveragerði og Félags eldri borgara Selfossi verður haldinn á Hótel Örk miðviku-

daginn 24. apríl næstkomandi kl. 14:00. Boðið verður upp á skemmtiatriði og kaffihlaðborð. Fjölmönnum hress og kát.



OPIÐ HÚS

Opið frá kl. 10 til 18

Allt um
EDENBYGGÐ
á sumardaginn fyrsta

Allir velkomnir!



Byr fasteignasala

Austurmörk 4, 810 Hveragerði
Sími 483 5800 | byr@byrfasteign.is



Fjör
Tilboð
Rattleikur
Gönguferðir
Fræðslukvöld
Heimsfrumsýning
Menning og dreifbýli
Árlegt jarðvangshlaup
Og margt fleira spennandi!

KATLA UNESCO
GLOBAL GEOPARK

27. APRÍL - 4. MAÍ

**JARÐVANGSVIKAN
Í KÖTLU GEOPARK**

Nánari upplýsingar á
www.katlageopark.is



STUÐ Á SUÐURLANDI!
#KatlaGeoWeek
#GeoparkWeek



F.v.: Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands, Arkady Dvorkovich, forseti FIDE, Smbat Luptian, stórmeistari, og Guðmundur G. Þórarinsson, fyrrum forseti Skáksambands Íslands.

Forseti FIDE heimsótti Fischersetur

Mánudaginn 8. apríl sl. kom Arkady Dvorkovich, forseti FIDE, ásamt fylgdarliði í heimsókn í Fischersetrið á Selfossi, en hann var m.a. heiðursgestur Reykjavíkurskákmoðtsins í Hörpu. Í þessari Íslandsferð hitti hann einnig Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra til að ræða þá hugmynd að halda heimsmeistaræinvígið 2022 á Íslandi á 50 ára afmæli einvígis aldarinnar. Með Arkady komu Smbat Luptian, stórmeistari og skólastjóri armenska skák-skólans, og Konstantin Kiselev, aðstoðarmaður Arkadys. Þeir félagar komu við í Laugardælakirkjugarði og lögðu blóm á leiði Bobby Fischers og heim-sóttu síðan Fischersetur.



Armeníski stórmeistarinn Smbat Luptian.

Arkady var aðalframkvæmdastjóri HM í knattspyrnu í Rússlandi sl. sumar og þótti standa sig vel. Þá hefur hann verið aðstoðarmaður forsætisráðherra Rússlands.

Leiklistarnemendur í FSu frumsýna Írisi

Nemendur í leiklist í FSu sitja ekki auðum höndum þessa dagana. Þau frumsýndu verkið Íris eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson í leikstjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur, miðvikudaginn 10. apríl í Litla leikhúsinu við Sigtún.

Verkið fjallar um viðburðaríkt líf Írisar, ungrar stúlku, sem á erfitt með að fóta sig í grimmum heimi.

Hópurinn hefur lagt mikið á sig til að æfa undanfarið og mætt á æfingar utan skólatíma. Hópurinn er í góðu samstarfi við Leikfélag Selfoss sem veitir hópnum aðgang að húsnæði sínu og aðstoðar við ljósaönnun og kynningar.

Verkið verður einning sýnt í



Hveragerði á lokahátíð Þjóðleiks á Suðurlandi þann 27. apríl.

Þjóðleikur er leiklistarverkefni haldið að frumkvæði Þjóð-

leikhússins í samstarfi við fjölmarga aðila á landsbyggðinni. Leikhópum ungs fólks á aldrinum 13–20 ára er boðið að setja upp eitt af þremur nýjum leikverkum sem skrifuð eru sérstaklega fyrir Þjóðleik í hvert sinn. Við uppsetninguna njóta ungmenntinn stuðnings fagaðila í Þjóðleikhúsinu í formi námskeiða, bæði í Þjóðleikhúsinu og í heimabyggð, og lýkur verkefniinu með leiklistarhátíð í viðkomandi landshluta.

Sami hópur tók einnig þátt í tónleikunum „Raddir sunnlenskra ungmenna“, sem er samstarfsverkefni með Unglingakór Selfosskirkju. Tónleikarnir voru í Selfosskirkju sunnudaginn 7. apríl sl.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er Haukur Grönli.

Ég vil byrja á að þakka Lárusi fyrir að skora á mig og fylla upp í dauða tímann minn. Ég hef mjög gaman af að elda mat og finnst slökun í að setja á góða tónlist og dunda í eldhúsinu. Ég hef alltaf átt erfitt með að fara eftir uppskriftum, meira að segja tekist að klúðra Betty Crocker uppskrift. Ég nota uppskriftir í mesta lagi til að fá hugmynd að rétt. Oftast tek ég það sem er til í ísskápnunum og geri eitthvað úr því.

Að sjálfsögðu þykir mér ekki leiðinlegt að grilla þegar veður leyfir og þá er kryddlögurinn aðal málið.

Þar sem ég er norskur í aðra ættina (þaðan kemur Grönli nafnið) og við Íslendingar borðum mikið af lambakjöti, datt mér í hug að henda fram þjóðlegri uppskrift frá vesturstönd Noregs. Á máli frumbyggja nefnist þessi réttur fár í kál eða lamb í káli. Þetta bragðast mun betur en uppskriftin lítur út fyrir og ég skora á ykkur að prófa. Með þessu er svo gott að drekka ískalda nýmjólk eða einhvern mjóð.

Uppskrift

3 dl vatn
1,5 kg hvítkál
1,5 kg súpukjöt, ekki of magurt
4 teskeiðar heil piparkorn
Tverr teskeiðar gróft salt



Haukur Grönli.

Hálfur ferskur chili. Muna að hreinsa fræin Hvítlaukur, tvö til þrjú rif

Deila kálinu upp í báta, raða kjöti og káli til skiptis í pottinn. Byrja á að setja eitt lag af kjöti með fituna niður og svo kál, þannig skal haldið áfram koll af kolli þar til kjötið er búið eða potturinn fullur. Stráið salti og piparkornum á milli laga. Hellið yfir vatni. Þegar suðu er náð setjið þá lok á pottinn og lækkið hitann. Rétturinn á ekki að sjóða heldur malla á lágum hita þar til kjötið dettur af beinunum, ca 2,5 klst. Mér finnst gott að poppa uppskriftina með því að bæta chilli og hvítlauki við, ekki nauðsynlegt. Berið fram með soðnum kartöflum.

Þar sem ég var að koma úr þriggja rétta stórkostlegri veislu hjá Ingvari P. Guðbjörnssyni vini mínum, upplýsingastjóra Sjálfstæðisflokksins, tel ég vera gráupplagt að skora á hann.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Afsláttur af raforkuverði til félagsmanna Búnaðarsambands Suðurlands



Búnaðarsamband Suðurlands og Orkusalan undirrituðu samning um 15% afslátt til félagsmanna BSSL af raforkuverði í lok janúar.

Til að virkja kjörin þarf að hafa samband við Orkusöluna í síma 422 1000 eða senda póst á orkusalan@orkusalan.is og taka fram að viðkomandi sé félagsmaður í Búnaðarsambandi Suðurlands. Einnig er hægt að senda póst á thjonusta@orkusalan.is.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.
Bláðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.



ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókauktgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Vex á fótum hesta hér,
hluti þaksins nafnið ber,
á gömlum lykli einnig er,
orðið löngu grátt á mér.


Svar við gátu í blaði 2494: HAMAR.

2. lína: kveikjuhamar

4. lína: hamarskorið eða hamar er fjármark



1. maí



SELFOSSI

Jöfnum kjörin – Samfélag fyrir alla

Kröfuganga við undirleik Lúðrasveitar Selfoss kl. 11:00 frá Austurvegi 56 að Hótel Selfossi þar sem skemmtun fer fram. Félagar úr Sleipni fara fyrir göngunni á hestum



Kynnir er Gils Einarsson · Magnús Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BSRB og Álfheiður Østerby námsmaður eru ræðumenn dagsins Leikfélag Selfoss sýnir atriði úr leikritinu *Á vit ævintýranna* Unnur Birna og Dagný Halla Björnsdætur syngja nokkur lög Teymt undir börnum í Sleipnishöllinni frá kl. 12.30 til 14:30 Blöðrur fyrir börnin



Orgelið hefur hljómað inni í íbúðarhúsi í meira en 40 ár

Laugardaginn 6. apríl sl. voru tónleikar í safninu *Tré og list* sem staðsett er í Forsæti í Flóahreppi. Tilefnið var að búið er að færa gamla orgel Landakirkju sem Ólafur Sigurjónsson bjargaði úr Vestmannaeyjum eftir gos út í nýja viðbyggingu safnsins. Viðbyggingin hefur fengið nafnið Orgelstofa. „Orgelið hefur fengið að hljóma inni í íbúðarhúsi í meira en 40 ár og tími til kominn að færa það og fá nýtt hlutverk,“ segir Ólafur. Ólafur var stjórnandi Karla-kórs Selfoss á árunum 1990-2000 og því var vel við hæfi að hann hæfi tónleikana sem stjórnandi kórsins. Kórinn flutti undir hans stjórn lagið *Árnesþing*. Það var svo Jón Bjarnason, dómorganisti í Skálholti og núverandi stjórnandi kórsins sem spilaði undir á orgelið. Þá tók Glúmur Gylfason við keflinu og spilaði skemmtilegt efni. Þá söng karla-kórinn aftur og endaði á laginu



Ólafur Sigurjónsson Forsæti og Jón Bjarnason, organisti.

Flóinn eftir Pálmar Þ. Eyjólfsson og Freysteinn Gunnarsson. „Það voru tvö óskálög á dag-skránni sem Jón Bjarnason lék. Það er *Ave Maria* eftir Schubert og svo hið stórbrotna verk í es-dúr *Prelódiu* eftir J. S. Bach. Það var leikið í minningu fyrsta kennara míns Guðmundar Gils-sonar organista á Selfossi og

fyrsta stjórnanda Karla-kórs Selfoss. Að síðustu voru kennarar mínir þeir Glúmur Gylfason, Jónas Ingimundarson og Haukur Guðlaugsson heiðraðir. Við hjónin þökkum öllum sem komu að tónleikunum einlæglega. Við buðum vinum og kunningjum til þessara tónleika sem heppnuðust einstaklega vel,“ segir Ólafur að lokum.

-gpp



Karla-kór Hreppamanna



Vortónleikar 2019

Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson

Píanóleikari: Anna Málfríður Sigurðardóttir

Guðríðarkirkju fimmtudaginn 25. apríl kl. 20:00

Félagsheimilinu á Flúðum laugardaginn 27. apríl kl. 20:00

Selfosskirkju mánudaginn 29. apríl kl. 20:00

Aðgangseyrir kr. 4.000,-



HEILSUHORN HSU

Hár blóðþrýstingur

Háþrýstingur er oft ein-kennalaus en fólk getur verið með hann árum saman án þess að vita af því. Ástandið getur þó verið alvarlegt og koma einkenni jafnvel ekki fram fyrr en háþrýstingurinn er farinn að valda skaða á líffærum. Helstu einkenni geta verið sjóntruflanir, höfuðverkur (helst á morgnana) og mæði. Hár blóðþrýstingur eykur líkur á hjartaáföllum, heilablóðföllum sem og nýrnasjúkdómum.

Í flestum tilfellum eru orsakir háþrýstings óþekktar en talið er að þær séu samspil erfða og umhverfis. Kaffi, áfengi, reykingar, streita auk skorts á hreyfingu geta haft neikvæð áhrif. Mögulegt er að hafa góð áhrif á blóðþrýstinginn með því að létta sig (ef þarf), neyta hollrar fæðu (m.a. grænmetis og ávaxta í ríkulegu magni), minnka saltneyslu, stunda hreyfingu í að minnsta kosti 30 mín. á dag flesta daga og minnka áfengisdrykkju. Gott er að eiga blóðþrýstingsmæli til að fylgjast reglulega með þrýstingnum heimavið, alltaf skal mæla á svipuðum tíma dags og skrá mælingar niður. Áður en byrjað er að mæla er best að setjast niður og hvíla sig í að lágmarki 5 mínútur og passa að það séu að minnsta kosti 30 mínútur liðnar frá síðustu máltíð, æfingu, baði, reykingum eða neyslu áfengis. Ef lækni hefur ávísað blóðþrýstingslækkandi lyf-



Sigrún Kristjánsdóttir, yfirljósmóðir HSU.

um er mikilvægt að taka þau inn reglulega. Ef lyfin valda aukaverkunum er mikilvægt að ræða það við lækni þar sem breyta gæti þurft skammtinum eða skipta um lyf. Hafðu samband **fljótlega** við heilsugæsluna ef reglulegar blóðþrýstingsmælingar þínar eru yfir 140/90 en hafðu **strax** samband ef þær eru í kringum 180/120. Hafðu einnig strax samband ef mælingar eru yfir 140/90 og þú finnur fyrir sjóntruflunum, höfuðverk, ógleði, uppköstum, sljóleika, erfiðleikum með tal eða öndun, verkjum í brjósti, baki eða síðu eða þvag er brúnt.

Sjá nánar inni á www.heilsuvera.is

E.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Herdís Sif Ásmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur á heilsugæslustöð Selfoss.

Viðmið fyrir blóðþrýsting

Blóðþrýstingur:	Efra gildi	Neðra gildi
Háþrýstingur	140 eða hærra	90 eða hærra
Hækkadur	120-139	80-89
Eðlilegur	119 eða lægra	79 eða lægra

Ástþór kjörinn formaður Ungmennafélagsins Kötlu

Áðalfundi Ungmennafélagsins Kötlu sem fór fram þann 4. apríl sl. á Ströndinni í Vík í Mýrdal var kosin ný stjórn fyrir félagið. Nýju stjórnina skipa þau Ástþór Jón Tryggvason formaður, Bergný Ösp Sigurðardóttir, Jóhann Bragi Elínarson, Elísabet Ásta Magnúsdóttir og Carina Ek. Í varastjórn eru Sveinn Þorsteinsson og Hlökkver Þór Steinþórsson. Fráfarandi stjórn var þakkað fyrir vel unnin störf á árinu.



Ástþór Jón Tryggvason, formaður Umf. Kötlu.



Laus störf við leikskólann Álfaborg í Bláskógabyggð

Aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri, verkefnastjóri og leikskólakennarar óskast

Aðstoðarleikskólastjóri

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir aðstoðarleikskólastjóra í 100% starfshlutfall frá og með 6. ágúst 2019.

Starfsvið:

- Starfa samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla, námskrá Álfaborgar og skólafestnu Bláskógabyggðar.
- Er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans.
- Er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans.
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins.
- Sinnir þeim verkefnum sem varðar stjórnun og sérkennslustjórnun leikskólans sem yfirmaður felur honum.

- Hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Veitir foreldrum/forráðamönnum barna sem njóta sérkennslu stuðning, fræðslu og ráðgjöf.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Stjórnunarreynsla í leikskóla
- Reynsla af sérkennslu
- Færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Verkefnastjóri

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir verkefnastjóra í 100% starfshlutfall frá og með 6. ágúst 2019.

Í haust 2019 munum við flytja í nýtt húsnæði og þar með viljum við þróa og innleiða nýja stefnu fyrir leikskólann ásamt skólanámskrá. Verkefnastjórastaðan er til eins árs en viðkomandi fær ótímabundin ráðningu sem leikskólakennari.

Helstu verkefni:

- Skipuleggur og stýrir viðkomandi verkefni í samráði við leikskólastjóra
- Er tengiliður við þá aðila sem tengjast verkefninu innan leikskólans sem utan.

- Sér um að gera áætlanir, mat og skýrslugerð sem tengist verkefninu.
- Annast leiðbeiningu og ráðgjöf til þeirra sem í hlut eiga.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla og þekking af Reggio Emilia stefnu
- Reynsla og þekking á útinámi
- Góð íslensku kunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum

Deildarstjóri og leikskólakennari

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir deildarstjóra í 100% stöðu frá 6. ágúst 2019. Einnig óskast leikskólakennari í 100% stöðu í ótímabundna ráðningu, sá þarf að geta hafið störf sem fyrst. Einnig kemur til greina að ráða í hlutastarf. Í leikskólanum starfar samstillt, glaðlynt og metnaðarfullt starfsfólk og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og vellíðan barna. Auk þess er mikil og góð samvinna á milli leikskólans og grunnskólans Bláskógaskóla í Reykholti. Álfaborg er 2ja deilda leikskóli og er staðsettur til bráðabirgða í tveimur húsum í Reykholti, Biskupstungum, þ. á m. með aðaladsetur í Bláskógaskóla. Nýtt húsnæði leikskóla er í smíðum og er áætlað að taka það í notkun haustið 2019. Þá opnar þriðja deildin í leikskólanum.

Deildarstjóri

Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati á starfi deildarinnar
- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Foreldrasamstarf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Reynsla æskileg

Leikskólakennari

Helstu verkefni:

- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Vinnur að faglegu starfi og samvinnu innans skólans
- Foreldrasamstarf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lieselot Simoen, leikskólastjóri í síma 480 3046. Umsóknir sendast á netfangið lieselot@blaskogabyggd.is

Umsóknarfrestur er til 3. maí 2019.

RISA PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT
RÚLLUSTANDAR



prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOSS



Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/

Til sölu

Vandaðar heimasníðaðar kerrur.
Sníða einnig eftir máli fyrir fólk.
Sími 892 9825.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Útboð

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir
tilboðum í „Smáratún 2019“

Verkið felur í sér endurgerð á götunni Smáratúni á Selfossi, þ.e. jarðvegsskipti götu, endurnýjun stofnlagna fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu, ásamt lagningu ídráttarröra fyrir Selfossveitur. Að lokum skal malbika götu og ganga frá yfirborði gangstétta.

Verkinu er skipt í 2 megin verkáfanga:

1. áfanga skal grafa upp úr götu, leggja allar lagnir og styrktarlag.
2. áfanga skal leggja burðarlag og ljúka yfirborðsfrágangi.

1. áfanga skal að fullu lokið 15. nóvember 2019
Verkinu skal að fullu lokið 15. júní 2020.

Helstu magnþölur eru:

- Gröftur 5670 m³
- Styrktarlag 5570 m³
- Malbik 2385 m²
- Fráveitulagnir 685 m
- Vatnsveitulagnir 380 m
- Hitaveitulagnir 299 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánuðeginum 15. apríl 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu á Suðurlandi með tölvupósti í netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til Eflu verkfræðistofu, Austurvegi 1-5, 800 Selfoss fyrir kl. 11.00 þriðjudaginn 7. maí 2019 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

Páskasól

Uppskrift vikunnar er að þessu sinni helguð væntanlegri páskahelgi og langbráðu vori. Allt vaknar aftur til lífs undir hækkandi sól.

Við gerum af þessu tilefni heklaða sól sem fer vel á páskaborðinu og er líka frábær borðtuska. Verkefnið hentar vel fyrir byrjendur í hekli. Garnið heitir Cotton Quick frá Grundl og fæst í mjög mörgum litum, bæði einlitum og marglitum. Mikið gæðagarn á mjög góðu verði.

Efni 1 dokka af Cotton Quick og heklunál nr. 4.

Skammstafanir

ll – loftlykkja, fl – fastalykkja, kl – keðjulykkja, st – stuðull, hst – hálfstuðull, takki – 3 ll, fl í fyrstu ll, umf – umferð.


Gerið fyrst 11 fl utan um töfralykkju og tengið saman með kl í fyrstu fl.

2 ll (jafngildir stuðli), st í sama gat. Allar umferðirnar byrja á þannig á stuðlari. 2 st í allar fl. Þegar komið er hringinn ættu að vera 11 stuðlapör. Tengið efst í aftari stuðlinn í fyrsta stuðlariinu með kl.

2 ll, st í sama gat, 1

st, 2 st í sama gat, 1 st o.s.frv. út umf., endið á 1 st og tengið á sama hátt og áður.

2 ll, st í sama gat, 1 st tvisvar, 2 st í sama gat.



1 st tvisvar o.s.frv. út umf., endið á 1 st tvisvar og tengið á sama hátt og áður.

Heklið þannig áfram og gætið þess að í hverri umf fjölgi stöku st um 1 á milli stuðlapananna og í síðustu umf eru 11 stakir st.

Lokaumferðin:

2 ll, 1 st í sama gat, takki, 2 st í sama gat og áður. 1 hst í næsta gat. 10 fl. 1 hst, 2 st, takki 2 st í sama gat, 1 hst og svo frv. allan hringinn. Endið á hst og tengið í efri ll, slítið frá og dragið endann í gegn. Gangið frá endum.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Hannyrðabúðin verður opin laugardaginn 20. apríl kl. 11 - 14.
Að öðru leyti verður lokað um páskana.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Frímúrarareglan fagnar 100 ára afmæli reglustarfs á Íslandi

„Laugardaginn 27. apríl ætlum við Frímúrarar í Röðli að vera með opið hús, þar sem við segjum lítið eitt frá starfinu, sýnum gestum myndband um Frímúrarastarfið, myndir af sögunni og breytingum sem hafa orðið á húsnæði stúkunnar í gegnum tíðina, flutt verður tónlist og boðið upp á léttar veitingar,“ segir Óskar G. Jónsson nýkjörinn Stólmeistari frímúrarastúkunnar Röðuls á Selfossi en tilefnið er 100 ára afmæli reglustarfs Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Upphaf stúkustarfs á Suðurlandi má rekja aftur til 1954

Óskar segir svo frá upphafi stúkustarfs á Suðurlandi: „Það var hinn 6. nóvember 1976 að Bræðrafélag frímúrarara var stofnað á Selfossi og voru stofnfélagar 18. Bræðrafélagið var stofnað undir handleiðslu stúkunnar Eddu sem fagnar 100 ára afmæli þessa dagana. Upphaf stúkustarfs á Suðurlandi má rekja allt til ársins 1954 er Bjarni V. Guðmundsson var skipaður héraðslæknir á Selfossi. Hann var félagi í Eddu og það var einkum vegna


áhrifa hans að menn fóru að keyra suður á fundi. Það þótti þó frekar erfitt til lengdar og í framhaldinu var bræðrafélagið stofnað. Hornsteinn var lagður að húsakynnum frímúrarara á Suðurlandi þann 5. desember 1981 að ævafornum sið, salarkynnin vígð og stofnuð Fræðslustúkan Röðull.“

Hinn 3. desember 1983 var St. Jóhannesarstúkan Röðull stofnuð og voru stofnfélagar 45 að tölu. Í dag eru 165 starfandi bræður í stúkunni, bræður af öllu Suðurlandi, úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Frímúrarareglan er mannræktarfélag byggt á kristilegum grunni og felur í sér einstakt tækifæri til vaxtar og þroska, eflir vináttu, virðingu og styðst við aldargamlar hefðir. Eftir innngöngu í regluna geta bræður sótt fundi um land allt, hver á sínu stigi en stigin eru 11 í sænska kerfinu sem við vinnum eftir. Óskari finnst alltaf jafn gaman og eftirvæntingarfult að klæðast kjólfötunum, sem eru einkennisfatnaður frímúrarara, seinnipart á miðvikudögum en miðvikudagar eru fundardagar í Röðli.



Óskar G. Jónsson nýkjörinn Stólmeistari frímúrarastúkunnar Röðuls á Selfossi.

„Um mig fer undraverð seltu-tilfinning og eftirvænting að hitta bræðurna og taka síðan tveggja tíma fund. Enginn sími, sjónvarp, app eða utanaðkomandi truflun, ólýsanlega hugljúf og þægileg tilfinning. Undanfarin ár höfum við tekið inn fimm til sjö félaga á ári hverju, oftast er flutt fræðsluerindi á fundum, tónlist og hugleiðingar um lífið og tilveruna,“ segir Óskar að lokum.



DOMINOS.IS DOMINO'S APP

GREIDDU FYRIRFRAM MEÐ APPINU EÐA Á NETINU!

Þú getur flýtt fyrir og einfaldað pöntunarferlið með því að nota appið og vefinn. Þar getur þú pantað, greitt fyrirfram og fylgst með pöntuninni.



Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Viljayfirlýsing um uppbyggingu íþróttamannvirkja

Á aðalfundi Ungmennafélags Selfoss sem fram fór í félagsheimilinu Tíbrá þann 4. apríl sl. var skrifuð Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Árborgar og Viktor S. Pálsson formaður Umf. Selfoss undir viljayfirlýsingu um að uppbygging íþróttamannvirkja á Selfossvelli verði í samræmi við tillögur Alark arkitekta sem hafa verið lagðar fram til kynningar í bæjarstjórn Árborgar og aðalstjórn Ungmennafélags Selfoss.

Fyrsti áfangi uppbyggingarinnar felur í sér hált yfirbyggt fjölnota íþróttahús með aðstöðu fyrir frjálssar íþróttir og knattspyrnu auk þess sem göngustígur liggur hringinn í kringum knattspyrnuvöllinn. Fram kom á aðalfundinum að stefnt er að því að bjóða fyrsta áfanga út í maí.

Það er von beggja aðila að uppbyggingin muni ganga vel á næstu árum en þótt fyrsti áfangi sé kominn af stað eru aðilar meðvitaðir um að eftir er að tímasetja



Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Árborgar og Viktor S. Pálsson formaður Umf. Selfoss handsala yfirlýsingu. Fyrir aftan Guðbjörg Jónsdóttir, formaður íþrótt- og menningarnefndar Árborgar og Tómas Ellert Tómasson, formaður framkvæmda- og veitustjórnar. Ljósmynd: Árborg.

næstu áfanga en sú vinna verði unnin á næstu mánuðum og lögð fyrir bæjarstjórn haustið 2019.

Sautján Selfyssingar æfa með landsliðum Íslands

HANDBOLTI Undanfarið hafa landsliðsverkefni verið í gangi hjá flestum handboltalandsliðum Íslands. A-landslið karla mætti Norður-Makedóníu tvívegis í vikunni. Eins og áður hefur komið fram voru Selfyssingarnir Elvar Örn Jónsson, Haukur Þrastarson, Teitur Örn Einarsson, Ómar Ingi Magnússon, Janus Daði Smáráson og Bjarki Már Elísson allir í leikmannahópnum.

Þá var Perla Ruth Albertsdóttir í eldlinunni með A-landsliði kvenna á æfingamóti í Póllandi í lok mars.

Æfingar hjá yngri landsliðum hafa einnig staðið yfir sitt hvoru megin við mánaðamótin. Þegar allt er talið hafa sautján Selfyssingar æft eða keppt með landsliðum Íslands að undanförunu. Eftirtalin hafa tekið þátt í æfingum yngri landsliðanna:



F.v. Tryggvi, Reynir Freyr og Ísak voru valdir í æfingahóp U-17 ára landsliðsins.

U-19: Katla María Magnúsdóttir, Guðjón Baldur Ómarsson og Sölvi Svavarsson.

U-17: Ísak Gústafsson, Reynir Freyr Sveinsson og Tryggvi Þórisson.

U-15: Tinna Traustadóttir, Einar Gunnar Gunnlaugsson, Hans Jörgen Ólafsson og Daníel Þór Reynisson.

Atli Ævar leikur áfram með liði Selfoss

HANDBOLTI Línumaðurinn Atli Ævar Ingólfsson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Umf. Selfoss til tveggja ára. Eru þetta mjög ánægjulegar fréttir enda hefur Atli Ævar verið einn besti línumaðurinn í Olísdeildinni í vetur og skorað 81 mark.

Handknattleiksdeildin er afar ánægð með að halda þessum öfluga leikmanni innan raða félagsins. Mun hann án efa vera áfram einn af lykilhöfnum liðsins.



Atli Ævar, einn öflugasti línumaður Olísdeildarinnar. Mynd: Umf. Selfoss/Árni Þór.

Góður árangur á Vormóti JSÍ

JÚDÓ Rúmlega áttatíu keppendur tóku þátt í vel heppnuðu Vormóti JSÍ í yngri aldersflokki sem fór fram á Akureyri í mars. Sjö Selfyssingar kepptu á mótinu og náðu þrýðisgóðum árangri, unnu til fernra gullverðlauna, tvennra silfurverðlauna og einna bronsverðlauna. Öll úrslit mótsins má finna á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net.

Ljósmynd frá foreldrum og þjálfurum Umf. Selfoss



Finnst þér gaman að leika þér í vinnunni?

Eins og undanfarin ár verður íþrótt- og útivistarklúbburinn í fullum gangi í sumar. Klúbburinn er starfræktur á vegum Ungmennafélags Selfoss í góðu samstarfi við Sveitarfélagið Árborg.

Umf. Selfoss leitar að hressum og uppátækjasömum einstaklingum til að stýra klúbbnum í sumar en auk þess að hafa gaman af því að vinna með börnum og ungu fólki er gerð krafa um að yfirmaður klúbbsins sé 20 ára eða eldri og hafi menntun eða reynslu sem nýtist í starfi, t.d. á sviði íþróttar, kennslu eða tómstunda. Um er að ræða lifandi starf en í því felst fyrst og fremst ábyrgð á skipulagi námskeiðanna og starfsmanna ásamt matargerð og innkaupum.



Umf. Selfoss leitar einnig eftir góðum félagsmönnum sem hafa áhuga á að starfa í klúbbnum í sumar. Viðkomandi þarf að vera uppátækjasamur, stundvís, áreiðanlegur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Mestu máli skiptir þó að viðkomandi hafi brennandi áhuga á að leika sér með börnum,

spila og finnst gaman að hoppa í pollum. Umsóknarfrestur er til 1. maí. Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ár á árinu. Allar óskir um nánari upplýsingar og umsóknir skal komið til Gissurar framkvæmdastjóra Umf. Selfoss á netfangið umfs@umfs.is eða í síma 482 2477.



Styðjum strákana í úrslitakeppninni

HANDBOLTI Framundan er úrslitakeppni Olísdeildarinnar en Selfyssingar hefja leik í Hleðsluhöllinni laugardaginn 20. apríl þegar þeir taka á móti ÍR í fyrsta leik liðanna kl. 17:00. Liðin mætast svo aftur í Breiðholti mánudaginn 22. apríl kl. 19:30 og ef á þarf að halda verður oddaleikur liðanna spilaður á heimavelli Selfyssinga miðvikudaginn 24. apríl kl. 19:30.

Selfyssingar eru hvattir til að fjölmenna á leikina og styðja strákana okkar til sigurs.



Góð þátttaka í Grýlupottahlaupinu

FRJÁLSSAR Annað Grýlupottahlaup ársins fór fram á Selfossvelli sl. laugardag. Fjöldi hlaupara á öllum aldri tók þátt í þessu skemmtilega hlaupi sem nýtur mikilla vinsælda meðal Selfyssinga.

Hlaupaleiðin var sú sama og í fyrra og vegalengdin rúmir 850 metrar. Úrslit úr hlaupinu má finna á www.selfoss.net.

Ekki er hlaupið um páskana en þriðja hlaup ársins fer fram laugardaginn 27. apríl. Skráning hefst kl. 10:00 í Tíbrá og er fólk hvatt til að mæta tímanlega til að forðast biðraðir. Allir velkomnir.



Sara getur verið ánægð með árangurinn á fyrsta mótinu í 50 metra laug. Mynd: KSÍ

Sara nálægt sínu besta

SUND Hin 15 ára gamla Sara Ægisdóttir, Umf. Selfoss, átti gott mót en hún keppti í fjórðum greinum á Íslandsmótinu í 50 metra laug og var nálægt sínu besta í þeim öllum. Hún varð í 11. sæti í 50 m skriðsundi á 29,16 sek., 15. sæti í 100 m skriðsundi á 1:04,54 mín., 22. sæti 200 m skriðsundi á 2:48,15 mín. og 25. sæti í 200 m fjórsundi á 2:48,15 mín. Þar sem hún bætti sig um 0,15 sekúndur.

Vorhappdrætti handknattleiksdeildar

HANDBOLTI Hafin er sala miða í vorhappdrætti handknattleiksdeildar Selfoss. Vinningar eru af fáheyrdum gæðum og heildarverðmæti rúm ein milljón króna.

Um er að ræða eina stærstu fjáröflun deildarinnar og því hvetjum við alla til að taka vel á móti iðkendum sem verða á

ferðinni í net- og raunheimum næstu tvær vikur. Miðinn kostar kr. 1.500.

Dregið verður úr seldum miðum föstudaginn 26. apríl nk. og verða vinningsnúmer birt á heimasíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net. Allar nánari upplýsingar í síma 482 2477.

Dímon/Hekla HSK-meistari í blaki kvenna

BLAK Seinni umferð héraðsmóts HSK í blaki kvenna var haldin á Laugarvatni mánudagskvöldið 8. apríl sl. Fyrir mótið var mjótt á munum milli þriggja efstu liða og hver leikur mikilvægur til að safna stigum.

Ljóst var þegar liða fór á kvöldið að úrslitaleikurinn um efsta sætið yrði líklega milli Dímon/Heklu 1 og Hamars 1. Sá leikur var æsispennandi og fór í oddahrinu og náði Dímon/Hekla 1 að kreista fram 15-13 sigur og tryggja sér HSK-titilinn þó Hamar 1 ætti einn leik eftir gegn Hrunakonum Y, sem fór einnig í oddahrinu þar sem Hamarskonur höfðu betur. Dímon/Hekla 1 hefði haft betur á stigahlutfalli þó Hamar 1 hefði unnið 2-0 sigur í síðasta leik sínum.

Góð tilprif sáust á öllum völlum



Sigurliðin í seinni umferð héraðsmótsins í blaki kvenna: Hamar, Dímon/Hekla og Hrunakonur.

um og virkilega gaman að sjá svo marga nýja iðkendur spreya sig og sérstaklega gaman að geta leyft UMFL 2 að taka þátt sem gestalið í þessari umferð.

Lokastaðan varð þessi: Dímon/Hekla 1 16 stig, Hamar 1 15 stig, Hrunakonur Y 14 stig, Hrunakonur U 7 stig, Dímon/Hekla 2 6 stig, UMFL 5 stig og Hamar 2 0 stig.

Heklukeppendur sigursælir á blakmóti unglinga



Þáttökulið drengja á Unglingamóti HSK í blaki.

BLAK Unglingamót HSK í blaki var haldið á Hvolsvelli 5. apríl sl. Tvö félög mættu til leiks, Dímon og Hekla, með þrjú strákalið og tvö stelpulið. Hekla vann mótið eins og í fyrra.

Úrslit leikja urðu eftirfarandi:

Stelpur: Hekla-Dímon: 25-22, 25-20/3-0. Lokastaðan: Hekla 3 stig, Dímon 0 stig.

Strákar: Hekla-Dímon: B 25-10 25-14/3-0. Dímon A-Hekla: 25-12, 20-25, 12-15/1-2. Dímon-A-



Þáttökulið stúlkna á Unglingamóti HSK í blaki.



Sigurlið Heklu í drengjaflokki.

Dímon B: 25-11, 25-15/3-0. Lokastaðan: Hekla 5 stig, Dímon A 4 stig og Dímon B 0 stig.



Sigurlið Heklu í stúlknaflakki.

Sautján aðildarfélag HSK fengu úthlutað styrk úr Ferðasjóði íþróttafélaga

Þú er að úthluta styrkjum úr Ferðasjóði íþróttafélaga til íþrótt- og ungmennafélaga, vegna keppnisferða innanlands árið 2018. Til úthlutunar að þessu sinni voru 127 milljónir króna. Styrkirnir eru greiddir beint til félaga og deilda. Afar mismunandi er hversu mörg félög eiga aðild að hverju héraði og hversu mörg félög innan hvers héraðs sækja um styrki úr sjóðnum.

Að þessu sinni bárust sjóðnum 278 umsóknir frá 135 félögum úr 22 íþróttahéruðum vegna 2.987 keppnisferða í 22 íþróttagreinum. Heildarupphæð umsókna var 499.127.608 kr. Þau félög sem sóttu um styrk geta nú farið inn í umsókn sína í gegnum vefslóðina sem fylgdi stofnun umsóknarinnar og séð skiptingu styrkja pr. ferð. Sautján aðildarfélag HSK fengu styrk úr sjóðnum, samtals að upphæð 3.853.454 kr.

Ferðasjóður íþróttafélaga er alfarið fjármagnaður með fjárframlagi frá ríkinu. ÍSÍ er falin umsýsla sjóðsins, útreikningur styrkja og úthlutun úr sjóðnum. Fjárstuðningur ríkisins til niðurgreiðslu ferðakostnaðar íþróttafélaga er ómetanlegur og hefur afar jákvæð áhrif á þátttöku íþróttafélaga á landsvísi í íþróttamótum innanlands.

Sautján aðildarfélag HSK fengu styrk úr sjóðnum:

Ungmennafélagið Hekla	14.441
Íþróttafélagið Garpur	15.874
Golfklúbburinn Öndverðarnesi	17.205
Golfklúbburinn Geysir	18.117
Knattspyrnufélag Árborgar	18.769
Golfklúbbur Selfoss	22.835
Ungmennafélagið Þjótandi	27.969
Íþróttafélagið Milan	38.163
Ungmennafélag Gnúpverja	47.079
Íþróttafélagið Dímon	97.026
Ungmennafélagið Þór	101.850
Ungmennafélag Hrunamanna	104.531
Knattspyrnufélag Rangæinga	180.705
Knattspyrnufélagið Egir	206.462
Körfuknattleiksfélag Selfoss	371.273
Íþróttafélagið Hamar	433.104
Ungmennafélag Selfoss	2.138.051
Samtals	3.853.454

OLÍS-DEILD KARLA
HEIMALEIKUR:

Gróttta

MÍÐVIKUDAGINN 3. APRÍL KL. 19:30

HLEÐSLUHÖLLINN SELFOSSI

Sundlaur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Opið páskana 2019

Neslaug/Árnesi

Opið alla páskana
fimmtudag – mánudags, kl. 13:00–18:00.

Skeiðalaug/Brautarholt

Opið skírdag kl. 18:00–22:00.
Annan í páskaum kl. 18:00–22:00.

Umsjónarmaður síma 897 1112.



Gleðilega páska



*Páskabröns
og kökuhladabæði*
lau 20. og sun 21. apríl



hafidblaa.is/is/paska

borðapantanir í síma: 483-1000 eða
tölvupósti: hafidblaa@hafidblaa.is

Fallegasta hús á Íslandi losað úr klóm niðurrífsaflanna

Þegar keyrt er austur með Ingólfsfjalli áleiðis að Þrastalundi sést bærinn Laxabakki við litla vík við sunnanvert Sogið.



Laxabakki eins og hann lítur út í dag.



Gömul mynd af Laxabakka í vetrarbúningi.

Við nánari skoðun kemur í ljós tveggja bursta bær sem snýr mót suðvestri og fundinn hefur verið staður uppi á lágum hjalla en í skjóli frá ávölum hæðum til norðurs og austurs. Bátaskýli stendur á árbakkanum, en hávaxin grenitré sem rísa upp úr lágvöxnum birkikjarri marka útjaðra landsins sem tilheyra Laxabakka. Þessi fallegi litli bær fellur svo vel að landinu að halda mætti að þarna hafi hann alltaf verið og þarna muni hann fá að standa á sínum stað um ókomna tíð.

Laxabakki

Húsið er byggt sem sumarhús 1942 á eins hektara afgirtri lóð úr landi Öndverðarness 2 og hefur síðan tekið litlum sem engum breytingum. Yfir hliði við enda heimreiðarinnar hangir útskorið skilti með nafni bæjarins, byggingarári og stílfærðum laxi á bakhlið.

Hér er um að ræða byggingu sem er sambland af torfbæ og timburhúsi og stendur því mjög föstum fótum í innlendri hefð en sker sig jafnframt úr sem hönnunargripur með sterk höfundareinkenni sem ná bæði til hússins sjálfs, innréttinga, húsmuna og umhverfismótunar.

Laxabakki er síðasti hlekkurinn í óslitinni ellefu hundruð ára byggingarsögu íslenska torfbæjarins og baðstofan þar er sú síðasta sem er rétt smíðuð samkvæmt aldagamalli hefð. Laxabakki er jafnframt einn af einungis þremur fullgildum torfbæjum sem enn standa í Árnessýslu; hinir tveir eru Tannastaðir í Ölfushreppi og Austur-Meðalholt í Flóahreppi.

Laxabakki er einnig í meðvitaðri samræðu við ýmsar hræringar í samtímabyggingarlist og hönnun, innréttingar og húsgögn eru sérhönnuð og smíðuð fyrir húsið. Allt handverk, frá veggjahleðslu, trésmíði, útskurði sem gerður er af Ríkharði Jónssyni myndhöggvara, húsgagnasmíði, innréttingum, málningarvinnu og

Hannes Lárusson,
staðarhaldri á Íslenska bæn-
um að Austur-Meðalholtum.



málaralist ber vott um afar fagleg vinnubrögð. Hér eiga stærstan hlut að máli Ósvaldur sjálfur og Nikulás Halldórsson trésmíðameistari.

Þegar hinn heimsfrægi finnski arkitekt Alvar Alto kom til landsins til þess að vera við opnun Norræna hússins sem hann teiknaði (1969) heimsótti hann staðinn og lét þá þau orð falla, að Laxabakki væri fallegasta hús sem hann hefði séð á Íslandi.

Uppbyggingaráform

Síðustu tvo áratugi hefur þetta einstaka mannvirki staðið berskjaldað og látið mjög undan niðurrífsöflum, í raun má segja að það vegi nú salt á grafarbakkanum. Björgunaraðgerðir geta ekki beðið.

Vorið 2018 varð Íslenski bærin þinglýstur eigandi að Laxabakka ásamt húsum og tilheyrandi lóð með það markmið eitt að koma þessari byggingarsögu legu perlu til bjargar og blása í hana nýju lífi. Íslenski bærin er fræðslusetur um torfbæjarfinn, hefðbundna verkmenningu, listsköpun og vistvæna byggingarlist, staðsett að Austur-Meðalholtum.

Nú hefur verið ákveðið ásamt velviljuðum hópi fræðimanna, hönnuða, listamanna og handverksmanna að ganga fram fyrir skjöldu og taka húsin niður með varfærum hætti, lagfæra skemmdir og íhluti eftir þörfum, og endurbyggja aftur á upprunalegri lóð við Sogið, enda mynda húsin og umhverfi Laxabakka órofa heild. Viðeigandi vélakosti verður beitt við verkið, lóðin afgirt á ný á grundvelli 80 ára

lóðamarka, leitað verður eftir heimild til aðgengis að rennandi vatni og rafmagni. Auk þess verður komið fyrir snyrtingu í samræmi við nútímakröfur.

Samtímis er stefnt að því að gera þetta verkefni að kennsluvettvangi í ýmsu sem lýtur að handverki, túlkun og varðveislu húsa af þessum toga og finna því síðan verðugt hlutverk í samhengi við rannsóknir og aukinn skilning á innlendum byggingarfermi og samþættingar milli húsa og náttúru. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggja nauðsynlegan þjónustuskála á svæðinu mjög róttæka vistvæna byggingu, sem mun falla nær alveg inn í umhverfið. Laxabakki ásamt þessum vistvæna þjónustuskála mun nýttast sem dvalarstaður, fræðslumiðstöð, vinnustofa og aðsetur fyrir lista- og fræðimenn. Kjörorð staðarins er sótt í smíðu þýska heimspekingsins Martin Heidegger: *Bauen Wohnen Denken/Byggja Búa Hugsa.*

Einn fremsti, og reynslumesti landslagsarkitekt landsins mun hanna umhverfi húsa og aðkomu, en lóð Laxabakka og mannvirki munu síðan verða opnuð almennungi til að njóta og skoða.

Minjastofnun Íslands styður þessa aðgerð með ráðum og dáð og sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur lýst yfir jákvæðum stuðningi við fyrirbyggjandi uppbyggingaráform. Ef þær áætlanir ganga eftir mun Laxabakki og umhverfi hans verða til mikils sóma jafnt fyrir sveitarfélagið og héraðið og standa undir nafni sem þjóðargersemi og framlag Íslands til staðbundinnar byggingarlistar á heimsvísu.

Girndaraugu

Landvernd, sem eru félagsamtök sem starfa að umhverfismálum, og Héraðsnefnd Árnesinga voru færðar jarðirnar Alviðra og Öndverðarness 2 að gjöf árið 1973, samtals mörg hundruð hektarar.

Undanskildar í þessari gjöf voru þrjár sumarbústaðalóðir við Sogið sem liggja að landi Öndverðarness 2, hver um sig er einn hektari eða 10.000 m². Ein þessara lóða er sú sem tilheyrir Laxabakka.

Þrátt fyrir þetta mikla og fallega land sem Héraðsnefndinni og Landvernd hefur verið fært til umsjónar hafa þessir aðilar löngum jafnframt rennt hýru auga til þessara þriggja litlu lóða með þann ásetning að ná þeim af eignum þeirra með góðu eða illu, en síðustu árin ágirnast Laxabakka sínu mest. Meðan húsin voru enn í nothæfu ástandi náði ásælnin ekki síður til húsa en lóðarinnar. Löngunin í húsin virðist síðan hafa minnkað í hlutfalli við þverrandi ástand þeirra, þrátt fyrir að samtímis hafi verið meiri umræða um ótvírátt menningar- gildi og fagurfræðilegt verðmæti Laxabakka eins og gert hefur verið grein fyrir í fjölda fyrirlestra, ritgerða og á nýafstöðnu málþingi. Hér eru að vísu að mörgu leyti á ferðinni óáþreifanleg gildi sem ekki verða svo glatt metin til fjár.

Svo rammt hefur kveðið að þessari taumlausu ágirnd að löggiltum eigendum Laxabakka hefur árum saman verið settur stóllinn fyrir dyrnar varðandi öll uppbyggingaráform á staðnum með því að neita að skrifa undir löggilt lóðablað og staðfesta þannig fyrirbyggjandi lóðamörk. Þessi dæmalaus framkoma virðist höfð í frammi í þeirri von að þannig megi á endanum ná undir sig lóðinni með því að flæma eigendurna burt af staðnum og frá húsum sem þeim er meinað að umgangast og verja með eðlilegum hætti. Þessir aðilar hafa þó hvergi lýst neinum áformum um sérstaka nýtingu þessa litla viðbótarskika ef meint landtökuáform gengju eftir. Sjálf Laxabakkahúsin, sál staðarins, hafa fulltrúar þessara aðila kallað „kofaskrifli og umhverfisspjöll sem best væri að fjarlægja sem

fyrst“. Þess vegna má telja harla ólíklegt að húsverndunarsjónarmið séu forsendur málatilbúnaðar og óvinveittrar framgöngu.

Mörg bréf hafa verið skrifuð Landvernd og Héraðsnefndinni síðustu mánuði og ár með vinsamlegum tilmælum um að þessi almannasamtök láti af þessari ásæln og hleypi löggiltum eigendum, og greiðendum fasteignagjalda til margra áratuga, að eignum sínum og skrifi undir lóðablað eins og ærlegir nágrannar gera. Einnig hefur þessum aðilum verið boðið samstarf um uppbyggingu og nýtingu lands og húsa; en allt hefur komið fyrir ekki.

Nú eru góð ráð dýr. Ég legg því þessa spurningu fyrir lesendur: Á að láta það eftir niðurrífsöflunum að vinna sitt verk hægt og bitandi, mótspymulaust og smám saman leggja þannig Laxabakka og umhverfi hans í rúst, ásamt öllum áformum um uppbyggingu og nýtingu, eða á að stíga fram fyrir skjöldu til varnar litla bænum við Sogið, ellefu hundruð ára byggingarhefð, íslenski menningu, byggingarlist og einstakri samtíðinni mannvirkja?



Kort af Laxabakka.



Vel heppnuð Starfamesa í Hamri, verknámshúsi FSu

Þann 9. apríl sl. söfnuðust ungmennti úr efstu bekkjum grunnskóla á Suðurlandi saman á Starfamesu sem haldin var í þriðja sinn í Hamri, verknámshúsi FSu. Þar gafst þeim tækifæri til að kynna sér starfsemi og störf fjölda sunnlenskra fyrirtækja og ljóst að áhugi nemenda var mikill.

Starfamestan hefur verið haldin annað hvert ár síðan 2015. Það er mat forsvarsmanna sunnlenskra fyrirtækja og umsjónarmanna námsbrauta iðn-, verk- og tæknigreina sem koma að Starfamestaninni að hún hafi marktækt aukið sókn nemenda í verk- og tæknigreinar. Þetta á sérstaklega við um málmiðnagreinar, húsasmíðar, rafgreinar og grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina.

Í kjölfar starfamestanar verður haldið málþing um stöðu iðn- verk- og tæknigreina þann 9. maí nk. Þar mun gefast tæki-

færi til að gera upp Starfamestanuna og ræða framhaldið.

Að venju tók fjöldi sunnlenskra fyrirtækja þátt í hinum ýmsu greinum. Matvælaíðnaður, hótél- og veitingageirinn, bakarar og prentiðnaður var meðal þess sem fyrir augu bar.

Sú nýjung var í ár að ratleikurinn sem leiðir nemendur í gegnum messuna var rafrænn, þ.e. nemendur hlóðu niður appi sem innihélt ratleikinn en í honum þurftu þau að leysa hinar ýmsu þrautir. Leikurinn var unninn í samvinnu við íslenska leikjafyrirtækið Locatify og kallast TurfHunt.

Nemendur tóku þessari nýjung virkilega vel en á næstu dögum verður tilkynnt hvaða lið hlutu hæstu stig og fá þarf af leiðandi vegleg verðlaun í boði Atorka - samtök atvinnurekenda á Suðurlandi.

-gpp



Ársfundur 2019

Ársfundur sjóðsins verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, þriðjudaginn 14. maí 2019 og hefst kl. 18:00

Dagskrá fundar

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Í stjórn sjóðsins eru:

Anna Halldórsdóttir, formaður
Sigurður Ólafsson, varaformaður
Halldóra Sigr. Sveinsdóttir
Dagbjört Hannesdóttir
Ólafur S. Magnússon
Örvar Ólafsson

Framkvæmdastjóri:

Gylfi Jónasson

FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR
Sameinaður Lífeyrissjóður Suðurlands, Suðurnesja og Vesturlands

	31/12/2018	31/12/2017
Breytingar á hreinni eign:		
Iðgjöld	11.066	8.881
Lífeyrir	-3.887	-3.591
Hreinar fjárfestingatekjur	8.599	9.012
Rekstrarkostnaður	-295	-278
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	15.483	14.024
Hrein eign frá fyrra ári	133.445	119.420
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	148.928	133.445
Efnahagsreikningur:		
Eignahlutir í félögum og sjóðum	64.324	58.973
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	79.283	71.871
Fjárfestingar	143.607	130.845
Kröfur	1.587	1.266
Innlán og aðrar eignir	3.829	1.410
Viðskiptaskuldir	96	76
Annað	5.320	2.600
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	148.928	133.445
Ýmsar kennitölur		
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar	6,1%	7,2%
Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar	2,7%	5,3%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára	4,7%	5,2%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu tíu ára	3,3%	0,9%
Tryggingafræðileg staða	-1,3%	-0,3%

* fjárhæðir í milljónum króna

Ávöxtun séreignardeildar 2018

Hrein eign séreignardeildar nam 507 milljónum króna í árslok 2018, þ.a. námu eignir sparnaðarleiddar II 500 milljónum króna. Hrein nafnávöxtun Sparnaðarleiddar I, sem hóf starfsemi á miðju ári, nam 0,9% eða -2,3% í hreina raunávöxtun. Sparnaðarleidd II skilaði 2,9% í hreina nafnávöxtun eða -0,4% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiddar II undanfarin tíu ár er 4,2%.



Aðalfundarboð Bókabæjanna austanfjalls

Aðalfundur Bókabæjanna austanfjalls verður haldinn 30. apríl nk. í Gimli kaffihúsinu á Stokkseyri kl. 17:00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Að fundi loknum mun Dorothee Lubecki segja okkur frá heim-sókn sinni til Ástralíu þar sem aðalfundur IOB, alþjóðasamtaka Bókabæja var haldinn á síðasta ári en Dorothee situr nú í stjórn IOB.

Verið velkomin og takið með ykkur gesti.



Sumarafleysingar í vinnslu okkar á Hellu

Við hjá Reykjararði leitum nú að öflugum og hressum sumarstarfsmönnum til afleysingastarfa í vinnslunni okkar á Hellu. Um mikilvæg störf er að ræða enda elska landsmenn Hóla-kjúklinginn og hann má svo sannarlega ekki vanta á grillin í sumar. Kjúklingavængir og aðrar gæðavörur bíða nú aðstoðar hressra sumarstarfsmanna og við hvetjum alla áhugasama sem eru 16 ára á árinu eða eldri til að sækja um hjá okkur. Um vaktavinnu gæti verið að ræða.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, holta.is og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um Reykjararð.

Nánari upplýsingar veitir framleiðslustjóri í síma 575 6460.

Iðnaðarhúsnæði að Gagnheiði 59 til sölu

Húsið er 198 fermetrar þ.a. er grunnflötur 136 fermetrar og milli loft 62 fermetrar.

Stór og góð malbikuð lóð. Hægt er að byggja við húsið þar sem byggingarreitir er ekki fullnýttur.

4,2 m háar innkeyrsludyr. Milli loft er með góðri kaffistofu, skrifstofu og wc með sturtuáðstöðu.

Húsnæðið var endurstandsett innandyrar fyrir tveimur árum. Getur verið laust fljótlega.

Ásett verð 32.900.000 kr.

Upplýsingar hjá Hallgrími í síma 857 2000



Blómlegt félagsstarf eldri borgara á Selfossi



Stjórn Félags eldri borgara á Selfossi. F.v.: Anna Þóra Einarsdóttir, varaformaður, Gunnþór Gíslason, meðstjórnandi, Guðrún Guðnadóttir, gjaldkeri, Gunnar E. Þórðarson, varmaður, Guðfinna Ólafsdóttir, formaður, Þorgrímur Óli Sigurðsson, ritari og Guðrún Þórunna Jónsdóttir varamaður.

Undirrituð tók við formennsku í Félagi eldri borgara Selfossi í febrúar sl. Ég tók við góðu búi af fráfarandi formanni, Sigríði (Sirrý) Guðmundsdóttur, sem gegnt hafði formannsstarfinu síðastliðin sex ár. Með mér í stjórninni er úrvals fólk sem ég hlakka til að vinna með. Það má segja að Sirrý hafi hætt einu ári of snemma því nú er félagið að taka í notkun nýtt húsnæði sem hún, og sjálf-sagt fleiri, var búin að berjast fyrir lengi. Um er að ræða tvo samliggjandi sali þannig að nú er orðið miklu rýmra um félagsmenn og allir eiga að geta fengið sæti þegar eitthvað er um að vera þar. Félagsmenn eru nú rúmlega 600 en mættu vera fleiri miðað við íbúafjölda. Aldurstakmark í félagið er 60+.

Mikil og góð starfsemi fer fram í félagsmiðstöðinni í Grænumörk 5. Þar eru hefðbundnir handavinnuklúbbar, tiffany glerlistarklúbbar, listmálun, tálgað í tré og útskurður. Sumardaginn fyrsta verður opnuð handverkssýning þar sem verða til sýnis hlutir sem unnir hafa verið af félögum í þessum klúbbum.

Í hverri viku er spilað á spil, félagsvist, bridge að ógleymdum snókernum. Línudans og sumba er líka í boði og væri gaman að sjá fleiri taka þátt því nú er nóg rými.

Starfræktir eru tveir bókmenntaklúbbar. Í öðrum þeirra eru fornritin krufin til mergjar og í hinum eru lesin öndvegisrit. Fornbókaklúbburinn fer í sína

árlegu vorferð og þá er farið á slóðir þeirrar Íslendingasögu sem lesin er þann veturinn. Öndvegisklúbbur fer í dagsferð og er reynt að fara á staði sem koma við sögu í þeim bókum sem teknar eru fyrir þann veturinn. Í vor liggja leiðir bókmenntanna annars vegar í Húnavatnssýslu á slóðir Vatnsdælasögu og hins vegar á Suðurnes í fótspor Jóns Kalmanns í bókunum *Fiskarnir hafa enga fætur* og *Eitthvað á stærð við alheiminn*. Ég nefni þetta hér ef það skyldi örva einhverja til að taka þátt í þessum klúbbum á næsta starfsári.

Með auknu húsnæði gefst tækifæri til fjölbreyttara félagsstarfs. Nú er verið að skoða möguleika á að vera með leir- og glerlist, silfursmíði og einnig hefur námskeið í eldamennsku verið nefnt. Svona mætti lengi telja. En allt veltur þetta á áhuga og þátttöku ykkar kærar eldri borgara.

Mjög mikilvægt er að við eldri borgara höldum áfram að hreyfa okkur eftir að starfsævinni lýkur. Þá er upplagt að fara út að ganga. Tveir gönguhópar eru í Grænumörk 5. Með öðrum þeirra fylgir ávallt bíll í boði G. Tyrtingssonar og geta lúnir göngugarpar sest í bílinn ef einhver er orðinn þreyttur. Ekið er eitthvað út fyrir bæinn og valdar leiðir þar sem lítil umferð er. Hinn hópurinn gengur innanbæjar á einhverjum af þessum frábæru göngustígum sem liggja um allan bæinn. Munið að maður er manns gaman.

Ferðanefndin skipuleggur

4–5 ferðir í sumar. Þá ætlum við að skoða Suðurlandið því það er eins og Kjarvalsmálverk, alltaf eitthvað nýtt að sjá.

Kór eldri borgara, Hörpukórinn, sem er undir stjórn Guðmundar Eiríkssonar, hefur verið duglegur að heimsækja dvalar- og hjúkunarheimili og syngja fyrir heimilismenn og starfsfólk og kunna allir vel að meta slíkar heimsóknir. Á síðasta ári fór kórinn í tónleikaferð og á kóramót á Írlandi sem tókst vel í alla staði.

Nónsöngur er kl. 16:16 í Grænumörk. Þá kemur fólk saman einu sinni í viku. Ingi Heiðmar Jónsson stýrir og syngur hver með sínu nefi. Þetta er góð æfing fyrir raddböndin því þau vilja ryðga ef ekki eru notuð til söngs reglulega. Kannski einhver hafi áhuga á að syngja bítlalögin, hver veit?

Hluti af nýja salnum var hugsaður sem íþróttasalur. Þar er verið að skoða möguleika á að leika boccia. Einnig qigong, jóga og stólaleikfimi sem væri auðvelt að koma fyrir. Hægt væri að vera með létt lóð, dýnur og teygjur því fjölbreytnin skiptir mjög miklu máli.

Í haust er ætlunin að halda svokallaðan „þjóðfund“ í Grænumörk 5, Mörkinni, þar sem fólk getur komið og rætt hugmyndir sínar. Hver eru ykkar áhugamál og gætu þau rúmast innan þessa félagssskaps?

Samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Árborgar að sveitarfélagið verði heilsuefandi bæ. Óskað hefur verið eftir að eldri borgarar leggi fyrir bæjaryfirvöld óskalista eða stefnuskrá svo hægt verði að forgangsraða verkefnum.

Það sem er næst á döfinni er handverkssýningin sem opnar sumardaginn fyrsta og verður opin 25.–28. apríl, fimmtudag til sunnudags kl. 13:00–16:00. Kaffi og nýbakaðar vöflur verða í boði á sanngjörnu verði. Óvæntar uppakomur verða flesta dagana um kl. 14:30. Við bjóðum alla velkomna á sýninguna og um leið að skoða nýja húsnæðið okkar.

*Gleðilegt sumar,
Guðfinna Ólafsdótti, formaður
Félags eldri borgara Selfossi.*

Dúfnaregistur Íslands eftir Tuma Kolbeinsson

Út er komin hjá Bókautgáfunni Sæmundi á Selfossi bókin Dúfnaregistur Íslands eftir Tuma Kolbeinsson. Um er að ræða alhliða fræðslu- og skemmtirit um dúfur, sögu dúfna á Íslandi og handbók í dúfnarækt.

Hefur þú oft velt fyrir þér sögu dúfunnar? Hefurðu kannski aldrei leitt hugann að tengslum dúfunnar og mannsins? Hefur þú ræktað dúfur eða gefið þeim brauðmola á torgum eða almenningsgörðum, kannski

niður við Tjörn? Þykja þér dúfur ógeðslegar eða gætirðu hugsað þér að hafa þær í matinn?

Þá er Dúfnaregistur Íslands bókin fyrir þig. Hún er allt í senn, sagnfræðirit, félagsfræðistúdía, ræktunarhandbók og uppspretta áhugaverðra staðreynda með matreiðsluávífi.

Dúfnaregistur Íslands er bók-in sem inniheldur allt sem þú vissir ekki að þú vissir ekki um dúfur.





Nýtt fjölskyldusvið stofnað í Árborg

Þann 1. mars sl. var stofn-
að nýtt fjölskyldusvið hjá
Sveitarfélaginu Árborg. Bæjar-
stjórn Árborgar ákvað að gera
úttekt á stjórnsýslu og rekstri
sveitarfélagsins og fékk Harald
Líndal Haraldsson, hagfræðing,
í verkið. Eftir mikla vinnu Har-
aldar, svo sem skoðun gagna,
viðtöl og fundi með stjórnend-
um, skilaði hann viðamikilli
skýrslu með fjölmörgum til-
lögum. Ein af þessum tillögum
fjallaði um breytingu á skipuriti
og á febrúarfundi bæjarstjórnar
var samþykkt að fækka fagsvið-
um. Það fól m.a. í sér að sam-
eina þrjú fagsvið sem koma að
meginþjónustu við íbúa og skóla
í eitt fjölskyldusvið og þar und-
ir eru málaflokkarnir; skólar,
skólaþjónusta, félagsþjónusta
og menningar- og frístunda-
mál. Blaðið hafði samband við
Þorstein Hjartarson, sviðsstjóra
fjölskyldusviðs, og ræddi við
hann um þessar breytingar og
hvað þær hefðu í för með sér.

Aðgengilegri þjónusta fyrir íbúa
Fjölskyldusvið hefur með hönd-
um verkefni í málaflokkum sem
snúa að fjölskyldunni. Sviðinu
er ætlað að veita íbúum heild-
stæða þjónustu með velferð
þeirra að leiðarljósi. Markmið-
in eru skýr þegar við spyrjum
Þorstein hvernig hann hyggst
koma til móts við notendur
þjónustunnar. „Það er ákaflega
mikilvægt að eiga gott samstarf
við notendur þjónustunnar og
leitast við að afgreiða mál svo
fljótt sem auðið er. Breytingin
er m.a. liður í því að gera þjón-
ustuna aðgengilegri fyrir íbúa-
na og auka gæði hennar. Með
þessum breytingum viljum við
efla almenna upplýsingagjöf,
ráðgjöf og stuðning við íbúa á
öllum aldri. Lögð er áhersla á
forvarnir, snemmtæka íhlutun,
þróunarstarf og samþætta nær-
þjónustu,“ segir Þorsteinn.

**Þjónustan þróuð út frá
þörfum notenda**
Starfsfólk fjölskyldusviðs leitast

við að vinna í þeim anda að grípa
sem fyrst inn í mál barna þar
sem eitthvað bjátar á. Þú nefnir
snemmtæka íhlutun og samþætta
nærþjónustu meðal annars.
Hvað þýðir það? „Hugtakið
vísar til þess að eitthvað gerist
snemma á lífsleiðinni og það
höfðar til aðgerða eða inngripa
af einhverju tagi. Snemmtæk
íhlutun vísar því til aðgerða
sem eiga sér stað snemma í lífi
barns sem hefur jákvæð áhrif á
samskipti, þroska þess og líðan.
Við höfum leitast við að vinna
í þessum anda en enn eru mörg
sóknarfæri. Samþætta nærþjón-
usta ætti að auðvelda okkur þá
vinnu en þá er alltaf leitast við
að þróa þjónustuna út frá þörf-
um notenda og rannsóknir hafa
m.a. sýnt að markvisst og gott
samstarf ólíkra fagaðila skiptir
þar sköpum. Margir þurfa að
koma að þróun nærþjónustunnar
og skapa breiða sátt um hana,“
segir Þorsteinn.



Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar

**Árangur næst ef liðs-
heildin er sterk**
Nú er verið að sameina ýmis
svið og í raun skapa nýja heild.
Slíkar breytingar hljóta að hafa
ýmsar áskoranir í för með sér
eins og tækifæri. Hvernig tekst
þú á við þær? „Sviðsstjóri veitir
faglega forystu og þarf að
kynna sér vel þá fjölbreyttu starf-
semi sem fram fer á fagsviðinu

og hlusta vel eftir ábendingum
frá starfsfólki, stjórnendum og
íbúum sveitarfélagsins. Þetta
mun ég leggja sérstaka áherslu á
næstu vikurnar. Mikilvægt er að
vinna sem mest í fag- og verk-
efnateymum enda er það í anda
árangursríkra stjórnunaraðferða.
Það er ekki vænlegt til árangurs
að ætla eingöngu stjórnendum
að koma með allar lausnir. Í
stjórnendastörfum mínum hef ég
m.a. sótt fyrirmyndir til íþrótt-
anna en eins og allir vita næst
einungis árangur ef liðsheildin
er sterk og þá er góður þjálfari
hluti af liðsheildinni. Sviðsstjóri
hefur yfirumsjón með áætlana-
gerð, stefnumótun og samhæf-
ingu innan fagsviðsins. Sviðs-
stjóri fjölskyldusviðs er næsti
yfirmaður fjögurra deildarstjóra
og skólastjóra leik- og grunn-
skóla,“ segir Þorsteinn.

**Næsta skref að leggja
mikla áherslu á þver-
faglega teymisvinnu**
Ef ég spyr þig að lokum, hvað
er framundan? „Nú erum við að
vinna að gagnkvæmri upplýs-
ingamiðlun og kynningum. Ég
er til dæmis aðeins byrjaður á
því að heimsækja aðrar stofn-
anir en skóla enda þekki ég þá
hvað best fyrir. Við þurfum að
treysta tengslin og samstarfið
þvert á fagdeildir fjölskyldu-
sviðs og byggja upp kröftuga
samstarfsmenningu þar sem
þarfir íbúanna eiga alltaf að vera
í forgrunni. Við munum m.a.
leggja mikla áherslu á þverfag-
lega teymisvinnu um mikilvæg
verkefni og móta skýra sýn þar
sem margir þurfa að koma að
borðinu. Auðvitað tekur þetta
allt sinn tíma. Ef við vinn-
um að þessum breytingum út
frá gildunum jákvæðni, sam-
starfsvilji, þolinmæði, seigla og
traust munu íbúar fyrr en seinna
sjá að þessi breyting á skipuriti
Árborgar hefur verið skref í rétta
átt,“ segir Þorsteinn að lokum.

-gpp

Laus staða kennara í rafiðngreinum



Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir eftir kennara í rafiðngreinum.
Um er að ræða 100% stöðu og er ráðningin til eins árs.

Umsóknir ásamt greinargerð um menntun og fyrri störf berist á
tölvupóstfangið skólameistari@fsu.is. Ekki þarf að sækja um á
sérstökum eyðublaðum.
Ráðið verður í starfið frá 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2020.
Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2019.

Nánari upplýsingar um hæfniskröfur og fleira veitir Sigursveinn
Sigurðsson, skólameistari, skólameistari@fsu.is. Frekari upplýs-
ingar um skólann má finna á heimasíðunni www.fsu.is.

Skólameistari



Móttaka heyrnarfræðinga á vegum HTÍ verður á eftirfarandi stöðum:


Hvolsvelli, miðvikudaginn 8. maí
Kirkjubæjarklaustri/Vík, fimmtudaginn 9. maí
Vestmannaeyjum, föstudaginn 10. maí



Móttakan verður staðsett við heilbrigðisstofnanir

– HEYRNARMÆLING – RÁÐGJÖF –
– HEYRNARTÆKI, AÐSTÖÐ OG STILLINGAR –

Tímabókanir í s. 581 3855 og póstfang hti@hti.is



Útboð

Íþróttamiðstöð Hellsu áhaldaymsla og líkamsræktaraðstaða



Um er að ræða tvílyft límréshús, klætt steinullareiningum með
einhalla þaki við núverandi íþróttahús. Á neðri hæðinni verður
áhaldaymsla en á þeirri efri verður líkamsræktaraðstaða sem
tengist núv. íþróttamiðstöð um göngusvalir í íþróttahúsi.

Nokkrar magntölur:

- Jarðvinna: 850 m³
- Mót: 300 m²
- Málun: 600 m³
- Stálsmiði: 2.900 kg

Heildarverklok eru 1. júní 2020.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá og með 17. apríl 2019. Senda
skal ósk um gögn á tölvupóstfang verkis.selfoss@verkis.is með
nafni fyrirtækis, heimilisfangi og síma.

Kynningarfundur verður haldinn á verkstað 26. apríl kl. 13:00.

Tilboðum skal skila til Verkís hf., Austurvegi 10, 800 Selfossi fyrir
kl. 13:00, 3. maí 2019, en þá verða þau opnuð að viðstöddum
fulltrúum verkkaupum og þeim bjóðendum sem þess óska.



VIÐ PRENTUM FERMINGARKORT



prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Slysavarnardeildarinnar Tryggva verður haldinn **þriðjudaginn 30. apríl** nk. í Tryggvabúð á Selfossi kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf. Allir velkomnir.

Stjórnin.



Opið hús hjá **Kvenfélagi Selfoss** í Selinu við Engjaveg á sumardaginn fyrsta, 25. apríl. Kl. 13.00 til 16.00.

Sýning á gömlu handverki
Svuntum, dúkum o.fl.

Skiptimarkaður á fatnaði
Velkomið er að koma með tvær til þrjár flíkur og fá helst, þrjár til fimm „nýjar“ í staðinn.

Kleinur – kaffi – jólakökur á vægu verði.

Stjórnin



Umhverfismat fyrir eldisstöð Íspórs

Íspór hefur undanfarið unnið að undirbúningi vegna stækkunar á eldisstöð fyrirtekisins í Þorlákshöfn. Framkvæmdin er matskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisskrifum og hefur verkfræðistofunni EFLU verið falið að vinna umhverfismatið.

Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU; www.efla.is. Allir geta kynnt sér drögin og lagt fram athugasemdir.

Athugasemdafrestur er frá 16. apríl til 7. maí 2019.

Athugasemdir skal merkja „Eldisstöð Íspórs“ og senda með tölvupósti á netfangið jon.agust.jonsson@efla.is eða með bréfpósti á:

EFLA verkfræðistofa
b.t. Jóns Ágústs Jónssonar
Lynghálsi 4,
110 Reykjavík

Tóna- og kvæðabréf frá Hveragerði að Eyrarbakka um páska Eru fuglar líka fólk? – Fuglar hugsa sitt!

„Við segjum gjarnan að þegar himinbirtan tekur að lýsa upp auðlindir jarðar og fuglarnir taka að leika undir með kvaki og krunki sé tími kominn fyrir „Fuglatónleika“. Þetta er fimmta vorið sem við höldum Fuglatónleika sem hafa alltaf verið vel sóttir af fólki á öllum aldri og fólki sem kemur víða að þótt íbúar hér á Suðurlandi séu farnir að líta á tónleikana sem árvissan viburð og sýni sig aftur og aftur,“ segir Ásta Krístrún í Bakkastofu á Eyrarbakka, þegar hún er spurð hvort þau hjón hafi ekki haldið Fuglatónleika á vörin til langs tíma.

„Okkur finnst fuglar parast fallega saman við páskahátíðina enda stutt í hreiðurgerð þeirra með eggjum og tilheyrandi tengingum. Páskaungarnir á súkkulaðieggjunum eru nærtækt dæmi um þessa skörun,“ segir Ásta.

Hingað til hafa tónleikarnir alltaf verið á Eyrarbakka en nú vildu þau hjónin freista þess að búa til brúna frá Hveragerði að Eyrarbakka. Tónskáldið og flytjandi laganna, Valgeir, býr á Eyrarbakka en ljóðskáldið Jóhannes úr Kötlum sem samdi öll þessi fallegu fuglakvæði bjó lengi vel í Hveragerði. Nú býr sonur Jóhannesar, Svanur Jóhannesson, nær níræður að aldri, í Hveragerði og er „eins konar sendiherra föður síns“, segir Ásta. Þá er Fuglabrúin samstarfsverkefni menningarsviða



Stelkur.



Valgeir og Ásta Krístrún.

Hveragerðisbæjar og Árborgar sem hún segir að þau séu fjarska glöð með.

Þau hjón spyrja nokkuð frumlegrar spurningar: „Eru fuglar líka fólk?“ og að „Fuglar hugsa sitt.“ Hvað fær þau til þess?

„Jú, ljóð Jóhannesar eru svo einstök hvað efnistöð og boðskap varðar og náttúran var skáldinu svo hugleikin. Ljóðin bera sterkt vitni um innsæi hans og samkennd með fuglum og smádyrum. Hann persónugerir fuglana alveg snilldarlega og við viljum nýta hans leið áfram og vekja bæði áheyrndur og okkur til umhugsunar um mikilvægi þess að virða og meta náttúruna eins og okkar nákomnustu vini og ættingja.

Við erum að vinna að gerð bókamerkis sem tónleikagestir

fá með þessu umhugsunarefni og nýtum styrk Uppbyggingarsjóðs Suðurlands til að framleiða það,“ segir Ásta.

Ásta segir að lokum að það sé hennar trú og tilfinning að það að lifa sig inn í og samsama sig með lífsskilyrðum og tilfinningum fugla og dýra hafi ótvíræð jákvæð áhrif. Samkennd sé mikilvæg í þroska og félagsfærni barna á öllum aldri og styðji við ábyrgðarkennd og virðingu fyrir fólki og umhverfinu. Þegar allt er lagt saman þ.e. að njóta tónlistarinnar, kvæðanna og frásagna megi segja að Fuglatónleikarnir séu öður til náttúrunar.

Fuglatónleikarnir verða í Hveragerði á skírdag, fimmtudaginn 18. apríl kl. 16:00, í Listasafni Árnesinga. Svo verður brúin tengd við Eyrarbakka laugardaginn fyrir páska, þann 20. apríl kl. 17 í Eyrarbakka-kirkju. Aðgangseyrir er 1.500 kr. en frítt er fyrir börn. Allir eru velkomnir.

Útgáfuhóf í Húsinu á Eyrarbakka á skírdag

Eftir páska kemur út bókinn „Handsmíðað fyrir heimilið“. Scribe útgáfa er útgefandi bókarinnar. Í tilefni útgáfunnar verður haldið útgáfuhóf í Húsinu á Eyrarbakka á skírdag kl. 15-17.

Bókin er þýdd bók frá Bandaríkjunum. Höfundur hennar heitir Ana White en smíðaáhugafólk kannast e.t.v. við hana því hún heldur úti vinsælu blogg



um húsgagnsmíði. Halldóra Sigurðardóttir er þýðandi og útgefandi íslensku útgáfu bókarinnar. Aðspurð segist hún hafa dottið niður á þessa bók fyrir tilviljun þegar hún var sjálf að leita að bók til að lesa sér til um smíðar. „Það var lítið um bækur fyrir byrjendur og ég fann þessa bók á netinu. Síðar þegar ég fór að lesa bókina og smíða verkin í henni þá laust þeirri hugmynd

í huga minn að þýða bókina þar sem lítið er um svona bækur hér á landi. Mér finnst Ana White hafa gert mjög góða bók, leiðbeiningarnar eru góðar og efnid aðgengilegt.“

Halldóra verður á staðnum á skírdag til að kynna bókina og sýna eitthvað af verkunum sem hægt er að smíða úr bókinni.



Halldóra Sigurðardóttir.

Sóknarnefndin býður í kaffi á páskadagsmorgun

Að venju býður sóknarnefndin Selfosskirkju kirkjugestum upp á hressingu að aflokinni messu á páskadagsmorgun. En eins og alltaf verður messað í Selfosskirkju á páskadagsmorgun kl. 8.00. Það er sóknarnefndinni mikill heiður að bjóða til hressingar að aflokinni messu. Nokkur fyrirtæki í bæn-

um hafa lagt sóknarnefndinni lið með hráefni til morgunverðarins sem hún er afskaplega þakklát fyrir. Vonandi koma sem flestir í messu á páskadagsmorgun og njóta hressingar á eftir. Hlökkum til að sjá ykkur, gleðilega páska.

Með kveðju, Björn I. Gíslason, form. sóknarnefndar.



Árshátíð Víkurskóla 2019

Árshátíð Víkurskóla var haldin 10. apríl sl. Allir nemendur skólans tóku þátt í árshátíðinni og undirbúningi hennar. Að þessu sinni voru tvö atriði á dagskrá árshátíðarinnar. Nemendur 1.–4. bekkjar, auk elstu nemenda leikskólans Mánalands, fluttu

söngatriði undir stjórn Önnu Björnsdóttur kórstjóra. Krakkarnir stóðu sig vel og sungu sig inn í hjörtu viðstaddra. Nemendur 5.–10. bekkjar fluttu leikverk-ið *Menntaskólinn í Svörtu fjöru* í leikstjórn og uppfærslu Jóhönnu Friðriku Sæmundsdóttur leikara.

Þessi sýning er tilbrigði við hinn þekktu dans- og söngleik *Grease*. Krakkarnir fóru á kostum í hinum ýmsu skemmtilegu hlutverkum og hlutu mikið klapp og lof fyrir. Að lokinni dagskrá buðu foreldrar upp á glæsilegt kaffihlaðborð.



Aðild að Íslenska ferðaklasanum samþykkt

Aðild Hveragerðisbæjar að Íslenska ferðaklasanum hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis og gildir samningurinn í eitt ár til reynslu. Með samstarfinu vonast bæjarstjórn til þess að hægt verði að efla ferðaþjónustu enn frekar í bæjarfélaginu og að samstarfið feli í sér ýmis góð og spennandi tækifæri fyrir Hveragerðisbæ sem þar með færir fulltrúum hans möguleika til eflingar tengsla og nýrra verkefna. Þetta kemur fram á heimasíðu sveitarfélagsins.

Íslenski ferðaklasinn var formlega stofnaður í mars 2015. Að klasanum stendur breiður hópur ólíkra fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana sem öll hafa það markmið að ferðaþjónusta vaxi og dafni til framtíðar. Helsta hlutverk Íslenska ferðaklasans er að efla samkeppnishæfni og auka verðmætasköpun í ferðaþjónustu með því að stuðla að nýsköpun, hvetja til aukinnar hæfni og gæða á öllum sviðum ásamt því að hvetja til að innviðir greinarinnar séu styrktir.

Á vettvangi klasans eru fjölbreytt verkefni, ýmsar ráðstefnur, málþing og fræðsluerindi sem tengja saman ólíka aðila og



Frá undirritun samningsins. Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri, ásamt Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra Hveragerðis.

mynda grunn að samstarfi og nýjum verkefnum. „Sveitarfélagið getur sótt sér nýja þekkingu, færni og tengsl sem efla það í þjónustu sinni við fyrirtækin á svæðinu ásamt þjónustu við íbúa til lengri og skemmri tíma. Þátttaka sveitarfélagsins er í leiðinni táknrænn

stuðningur við þau fyrirtæki á svæðinu sem stunda öfluga ferðaþjónustu sem eflir um leið áfangastaðinn bæði til búsetu með auknu þjónustustigi og gerir svæðið betur til þess fallið að ferðamenn stoppi þar lengur við og njóti fleiri þjónustubátta,“ segir á heimasíðunni.



Skaftárhreppur óskar eftir tilboðum í:

„Kirkjubæjarskóli breytingar 2019“ Lyfta og tengirými.

Verkið felst í að byggja lyftuhús og rými tengd því við Kirkjubæjarskóla. Saga skal úr plötum milli kjallara og jarðhæðar og úr botnplötu í kjallara. Í kjallara skal grafa fyrir lyftugryfju, reka niður undirstöðustaura og steypa gryfju og vegg lyftuhúss. Setja skal þak yfir lyfturými á jarðhæð og lyftuhús, setja gluggasamstæðu, klæða þak og vegg og ganga frá yfirborðsflötum innanhúss. Sett verður upp lyfta í lyftuhúsið á verk tímanum.

Verklok eru 15. september 2019.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 15. apríl 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Orra Jónsson á skrifstofu Eflu á Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti í netfangið orri.jons@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, Kirkjubæjarklaustri fyrir kl. 11.00 þriðjudaginn 7. maí 2019 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Skaftárhreppur



Skaftárhreppur óskar eftir tilboðum í:

„Kirkjubæjarskóli bílastæði 2019“

Verkið felur í sér m.a. malbikun, hellulögn, gerð burðarlags og jarðvegsskipti þar sem það á við á bílastæði við Kirkjubæjarskóla á Klaustri. Einnig skal reisa ljósastaura, tengja ljósastaura, grafa lagnaskurði, leggja rafstrengi og ídráttarrör.

Helstu magntölur eru:

Uppgröftur	1300 m ³
Styrktarlag	2000 m ³
Burðarlag, efni	192 m ³
Burðarlag, útjöfnun og þjöppun	3830 m ²
Malbik Y11	3830 m ²
Hellulögn	206 m ²
Ljósastaurar	11 stk.

Verklok eru 15. september 2019.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 15. apríl 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason á skrifstofu Eflu á Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti í netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, Kirkjubæjarklaustri fyrir kl. 11.30 þriðjudaginn 7. maí 2019 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Skaftárhreppur

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands**
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

TIL SÖLU



Göngubraut á
a ð e i n s
45.000,- Þessi
göngubraut er
algjör draum-
ur, því hægt er
að fella hana
næstum alveg
saman eftir notkun og setja til
hliðar. Frí heimsending.
Hámarks þyngd notanda 90
kg. Uppl. í síma 661 1902.



Göngubraut /
hlaupabraut á
a ð e i n s
69.500,- Stærð
b r a u t a r
42x115 sm,
h á m a r k s -
þyngd notanda 110 kg.
Hámarks hraði 14 km/klst, 8
prógröm. Sendi frítt hvert á
land sem er. Prektæki, uppl. í
síma 661 1902.

ATVINNA

Sumarstarf
Sumarstarfsmaður óskast í
Ölfusborgir. Umsækjandi þarf
að hafa ökuréttindi og dráttar-
vélaréttindi er kostur. Í starfinu
felst umsjón fasteigna, mót-
taka gesta o.fl. Umsóknir um
starfið berist á ölfusborgir@
ölfusborgir.is.

ÞJÓNUSTA

B.R. FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spjega og fleira.
Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

Málari óskar
eftir verkefnum

Sparsla, grunna, mála.
Faglærður málari óskar eftir
verkefni á Suðurlandi.
Uppl. í síma 777 6466.



UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÓPLAGANNA ÞJÓNUSTA
Héni Karl Lindal Sími 8484768 undralagnir@gmail.com

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Óska eftir íbúð
65 ára maður óskar eftir íbúð á
Suðurlandi. Margt kemur til
greina. Uppl. í síma 771 3244.

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Dráttarbeisli
á flestar bifreiðar
Fljót og góð þjónusta
GB BÍLAR
Hlíðarbrún, Flóahreppi
Sími 894 3063 - 486 1100

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

ATVINNA

Starfsmaður óskast

Nánari upplýsingar
á staðnum.

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25, Selfoss
Sími 482 2151

»DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í
auglýsingapakka í
blaðið og á vefinn!



Hafðu samband
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

KIRKJUR

Aðventistar

Safnaðarheimili aðvent-
ista, Eyravegi 67, Selfossi, 20.
apríl. Biblíurannsókn kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12, með ræðu
verður Gavin Anthony. Verið
velkomin og gleðilega páska.

Stokkseyrarkirkja

Skírdagur 18. apríl. Stuttmessa
með altarisgöngu kl. 20:00.
Kór kirkjunnar leiðir söng.
Organisti Haukur Arnarr
Gíslason. Prestur sr. Arnaldur
A. Bárðarson.

Páskadagur 21. apríl kl. 11.00.
Hátíðarguðsþjónusta. Kór
kirkjunnar leiðir söng.
Organisti Haukur Arnarr Gísla-
son. Prestur sr. Arnaldur A.
Bárðarson

Eyrarbakakirkja

Föstudagurinn langi 19. apríl.
Helgistund kl. 11:00. Kór kirk-
junnar leiðir söng. Organisti
Haukur Arnarr Gíslason. Prest-
ur sr. Arnaldur A. Bárðarson.

Páskadagur 21. apríl kl. 8:00
Hátíðarguðsþjónusta. Kór
kirkjunnar leiðir söng. Organ-
isti Haukur Arnarr Gíslason.
Prestur sr. Arnaldur A. Bárðar-
son.

Gaulverjabæjarkirkja

Annar í páskum 22. apríl kl. 14:00
Hátíðarguðsþjónusta. Kór
kirkjunnar leiðir söng. Organ-
isti Haukur Arnarr Gísla-
son. Prestur sr. Arnaldur A.
Bárðarson.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Skírdagur: Samkoma og
brauðsbrotning kl. 20.
Páskadagur: Upprisuhátíð
kl. 11. English translation ava-
ilable. Allir hjartanlega vel-
komnir. www.selfossgospel.is

Laugardælakirkja

Fermingarmessa kl. 13:30.

Villingaholtakirkja

Hátíðarmessa á páskadag kl. 11:00.
Söngkór Hraungerðis-
og Villingaholtssókna syngur
undir stjórn Inga Heiðmars
Jónssonar. Prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Hraungerðiskirkja

Hátíðarmessa á annan í pásk-
um kl. 11:00. Söngkór Hraun-
gerðis- og Villingaholtssókna
syngur undir stjórn Inga Heið-
mars Jónssonar. Prestur
Guðbjörg Arnardóttir.

Hrepphólaakirkja

Fermingarmessa á skírdag 18.
apríl kl. 13. Fermdar verða
Guðrún Lilja Árnadóttir Galta-
felli og Valdis Una Guðmanns-
dóttir Langholtskoti.

Föstudagurinn langi: Passíu-
sálmalesur frá kl. 13-17.30.
Yfir 50 lesarar koma að lestrin-
um. Kaffiveitingar í safnað-
arheimili á meðan á lestri
stendur. Allir velkomnir

Hrunakirkja

Hátíðarmessa á páskadag kl. 8.
Morgunverður í safnaðarheim-
ili á eftir. Allir velkomnir.

Stóra-Núpskirkja

Hátíðarmessa kl. 11 á páska-
dag. Allir velkomnir.

Selfosskirkja

Skírdagur 18. apríl: Fermingarmessa í Selfosskirkju kl. 11:00.
Pilgrímaganga á föstu-
daginn langa - Golgataganga.
Gangan hefst með stuttri
helgistund í Selfosskirkju kl.
9:45. Gengið verður til
Laugardælakirkju og þar hefst
helgistund kl. 11:45. Göngu-
stjórar eru sr. Axel Árnason
Njarðvík og sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir. Allir eru vel-
komnir að slást í hópinn og
svo er líka hægt að sækja
helgistundir á báðum stöðum
þótt fólk taki ekki þátt í
göngunni. Göngufólk er
beðið að koma vel skóað, klætt
eftir veðri og með nesti.

Hátíðarmessa á páskadag kl.
8:00. Kirkjukórinn syngur undir
stjórn Esterar Ólafsdóttur,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Morgunverður í boði og
umsjón sóknarnefndar Sel-
fosskirkju í Safnaðarheimilinu
að messu lokinni.

Kirkjubrall á sumardaginn
fyrsta. Sumardaginn fyrsta,
25. apríl kl. 11 verður kirkju-
brall í Selfosskirkju. Kirkjubrall
er skemmtileg samvera fyrir
alla fjölskylduna. Við föndrum
og bröllum ýmislegt í kringum
bíblíusögu og í lok stundar-
innar fá allir pylsur og djús.
Um stundina sjá sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir, Jóhanna Yr
Jóhannsdóttir æskulýðsfull-
trúi, Sigurður Einar Guðjóns-
son og leiðtogar og sjálfboda-
liðar úr kirkjustarfinu.

Messa sunnudaginn 28.
apríl kl. 11:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Ingi Heiðmar
Jónsson, prestur Axel Árnason
Njarðvík.

Ólafsvallakirkja

Fjölskylduguðsþjónusta á
sumardaginn fyrsta 25. apríl
kl. 11. Tónlistarskólanemar
spila undir stjórn Magneu
Gunnarsdóttur. Jóna Heiðdís
Guðmundsdóttir djáknanemi
leiðir stundina. Biblíusaga og
mikill almennur söngur. Allir
velkomnir.

Hveragerðiskirkja

Messað verður í Hveragerðis-
kirkju að kvöldi skírdags, 18.
apríl kl. 20. Notaleg og inni-
haldrik stund þar sem boðið er
upp á altarisgöngu. Kirkjukór
Hveragerðis- og Kotstrandar-
sókna syngur undir stjórn
Örlygs Atla Guðmundssonar.

Á páskadag verður morgun-
messa kl. 8 í Hveragerðiskirkju.
Boðið verður upp á sameigin-
legan morgunverð á eftir í
safnaðarheimilinu. Einnig
verður messað í Kotstrandar-
kirkju kl. 14 á páskadag. Kirkju-
kór Hveragerðis- og Kot-
strandarsókna syngur undir
stjórn Örlygs Atla Guðmunds-
sonar.

Verið einnig velkomin til
fjölskyldumessu í Hvera-
gerðiskirkju á sumardaginn
fyrsta, 25. apríl, kl. 11. í sam-
starfi við Skátafélagið Strók.
Það verður létt yfir og mikið
sungið. Eftir messuna bjóða
skátarnir upp á rjúkandi súpu í
skátaheimilinu.

Kapella Klausturhóla á
Kirkjubæjarklaustri

Miðvikudagur, 17. apríl kl.
14:00. Hátíðarguðsþjónusta.
Kirkjukór Prestsbakkakirkju og
Ásakórinn. Organisti Zbigniew
Zuchowicz. Prestur sr.
Jóhanna Magnúsdóttir.

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Messa í Skálholtsdómkirkju á skírdagskvöld kl. 20.30. Sr. Kristján Björnsson, Skálholtsbiskup, prédikar. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, þjónar fyrir altari. Skálholtskórinn syngur. Organisti er Jón Bjarnason. Getsemanestund verður eftir messuna.

Guðsþjónusta í Skálholtsdómkirkju á föstudaginn langa kl. 16.00. Sr. Kristján Björnsson, Skálholtsbiskup annast prestsþjónustuna ásamt sr. Agli Hallgrímssyni sóknarpresti. Skálholtskórinn flytur tónlist tengda deginum á milli lestra úr píslarsögunni. Organisti er Jón Bjarnason.

Barnasamkoma í Skálholtsdómkirkju laugardaginn fyrir páska kl. 11.00. Umsjón hafa Bergþóra Ragnarsdóttir, djáknakandidat og Jón Bjarnason.

Hátíðarmessa í Skálholtsdómkirkju á páskadagsmorgun kl. 8.00. Sr. Kristján Björnsson, Skálholtsbiskup, annast prestsþjónustuna. Jóhann I. Stefánsson leikur á trompet. Organisti er Jón Bjarnason. Morgunverður í Skálholtskóla eftir messuna.

Hátíðarmessa í Skálholtsdómkirkju á páskadag kl. 14.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Skálholtskórinn syngur. Sungnir verða hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Organisti er Jón Bjarnason.

Bræðratungukirkja

Messa á skírdag kl. 14.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Mosfellskirkja, Grímsnesi

Guðsþjónusta að kvöldi föstudagsins langa kl. 20.30. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Torfastaðakirkja

Guðsþjónusta á föstudaginn langa kl. 14.00.

Fermingarmessa á annan í páskum kl. 16.00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti er Jón Bjarnason.

Þingvallakirkja

Messa í Þingvallakirkju við sólurupprás á páskadagsmorgun kl. 5.50. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, biskup, annast prestsþjónustuna. Allir eru velkomnir.

Hátíðarmessa í Þingvallakirkju á páskadag kl. 14.00. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, biskup, annast prestsþjónustuna. Kór undir stjórn Margrétar Bóasdóttur syngur. Organisti er Guðmundur Vilhjálmsson.

Miðdalskirkja

Hátíðarguðsþjónusta í Miðdalskirkju á páskadagsmorgun kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur annast prestsþjónustuna. Söngkór Miðdalskirkju syngur. Sungnir verða hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Organisti er Jón Bjarnason.

Sólheimakirkja

Hátíðarguðsþjónusta á páskadag kl. 14.00. Sr. Skírni Garðarsson annast prestsþjónustuna. Organisti er Elísa Elísadóttir.

Úthlíðarkirkja

Hátíðarguðsþjónusta á páskadag kl. 16.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Félagar úr Úthlíðarkór syngja. Organisti er Jón Bjarnason. Kaffisamsæti í Réttinni að messu lokinni.

Prestsbakkakirkja á Síðu

Skírdagur 18. apríl kl. 14:00. Fermingarmessa, 4 fermingarbörn.

Páskadagur 21. apríl kl. 14:00 Hátíðarmessa. Kirkjukór Prestsbakkakirkju og Ásakórin. Organisti Zbigniew Zuchowicz. Prestur sr. Jóhanna Magnúsdóttir.

Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar

Föstudagurinn langi 19. apríl, kl. 21:00. Passíusálmalestur og sjö orð Krists á krossinum. Fermingarbörn lesa lestra.

Páskadagur 21. apríl kl. 5:15. Páskamessa við sólarupprás. Prestur: sr. Jóhanna Magnúsdóttir.

Grafarkirkja í Skaftártungu

Páskadagur 21. apríl kl. 14:00 Hátíðarguðsþjónusta. Kirkjukór Prestsbakkakirkju og Ásakórin. Organisti Zbigniew Zuchowicz. Prestur sr. Jóhanna Magnúsdóttir.

Þykkvabæjarklausturskirkja

Annar í páskum, 22. apríl kl. 14:00. Hátíðarguðsþjónusta. Kirkjukór Prestsbakkakirkju og Ásakórin. Organisti Zbigniew Zuchowicz. Prestur sr. Jóhanna Magnúsdóttir.

Kálholtsskirkja

Fermingarmessa á skírdag 18. apríl, kl. 11.00. Fermingarbörnin eru 3.

Hátíðarguðsþjónusta á annan í páskum 22. apríl, kl. 14.00

Skarðskirkja

Fermingarmessa á skírdag 18. apríl, kl. 14.00. Fermingarbörnin eru 2.

Hátíðarguðsþjónusta á páskadag 21. apríl, kl. 16.00.

Marteinstungukirkja

Passíusálmalestur á föstudaginn langa 19. apríl kl. 14.00. Heimafólk les úr völdum sálmu og hugleiðing um sr. Hallgrím Pétursson.

Árbæjarkirkja

Hátíðarguðsþjónusta á páskadag 21. apríl, kl. 11.00.

Hagakirkja

Hátíðarguðsþjónusta á páskadag 21. apríl, kl. 14.00.

Hlíðarendakirkja

Fermingarmessa 18. apr. kl. 10:30. 3 fermingarbörn.

Breiðabólstaðarkirkja

Fermingarmessa 18. apr. kl. 13:30. 3 fermingarbörn.

Elvar Guðni með sýningu í Svartakletti

„Það er hafið og fjaran sem heillar, bátarnir sem voru, mannlífið og raunveruleikinn. Átökin til sjós og lands í blíðu og stríðu. Hafið, brimið, fjaran, allt á sama stað, bátarnir farnir, bryggjan stendur og geymir fótspor hins liðna. Þessi lágreista byggð fyrir opnu hafi og ekki má gleyma vatnasvæðinu, mýrinni og fjallahringnum, öll þessi óendanlega víðátta til allra átta. Veðrið síbreytilegt,“ segir Elvar



Elvar Guðni við nokkur verka sinna.

Guðni Þórðarson, myndlistarmaður á Stokkseyri. „Ég hef

staðið við trönurnar og reynt að mála allar þessar minningar og raunveruleikann, á minn hátt.“

Hluti af þessu ásamt öðru verður til sýnis í Gallery Svartakletti Menningarverstöðinni, Hafnargötu 9, Stokkseyri, alla páskadagana og þar fyrir utan verður sýningin opin föstudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 14:00–18:00 í apríl og maí, en henni lýkur á sjömannadaginn 2. júní.



Við þökkum ættingjum og vinum auðsýnda samúð og hlýhug er móðir okkar, tengdamóðir, frænka, amma, langamma og langalangamma



Guðbjörg Ámundadóttir

Minna-Núpi

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

andaðist í mars síðastliðnum. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði og Lundi á Hellu fyrir einstaka umönnun undanfarna mánuði.

Guðrún Ingólfssdóttir
Herdís Kristjánsdóttir
Ámundi Kristjánsson

Viðar Ingólfsson
Guðbjörg Emma Ingólfssd.
Snorri Arnarson
Erla Arnardóttir

langömmu- og langalangömmubörn

Auðunn Gestsson
Trausti Sveinbjörnsson

Nína Björg Borgarsdóttir
Gunnlaugur Óttarsson
Erla Gunnarsdóttir
Ingi Björnsson



Útboð

Vatnsveita Rangárpings ytra og Ásahrepps óskar eftir tilboðum í verkið:

Lækjarbotnavatnsveita - stækkun

Verkið felst í að grafa/plægja niður vatnsveitulagnir og byggingu steinsteypts miðlunargeymis með dæluhúsi.

Helstu magntölur:

- Jarðvinna: 13200 m³
- Miðlunargeymir: 403 m³
- Veitulagnir: 12 km
- Fylling: 2900 m³

Útboðsgögnin verða afhent á rafrænu formi og endurgjaldslaust hjá Hnit verkfræðistofu hf. frá og með **Þriðjudeginum 16. apríl** n.k. Hafa skal samband í pósthfangið hnit@hnit.is.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Rangárpings Ytra Suðurlandsvegi 1-3, Hellu fyrir **Þriðjudaginn 7. maí 2019 klukkan 14:00**. Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma.

Verklok eru 1. nóvember 2021.



Viltu starfa með Slysavarna- deildinni Tryggva á Selfossi?



Ásdís Finnisdóttir, formaður Slysavarnadeildarinnar Tryggva, að afhenda börnum í leikskólanum Krakkaborg í Flóahreppi endurskinsvesti að gjöf frá slysavarnadeildinni.

Meginmarkmið slysavarnadeilda er að sinna margháttuðu forvarnastarfi með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir slys og óhöpp ásamt því að styðja við bakið á björgunarsveitunum. Það er gert með því meðal annars að aðstoða þær við fjáraflanir og veita þeim margháttaðan stuðning vegna útkalla og aðgerða.

Slysavarnadeildin Tryggvi er eina starfandi slysavarnafélagið á Suðurlandi og hefur sinnt ýmsum verkefnum síðustu árin. Helstu verkefni hafa verið að bjóða upp á mat fyrir björgunarsveitina í stærri útköllum og leitum sem hafa verið á svæðinu. Ástæða er til að þakka Nettó fyrir þeirra framlag, en það fyrirtæki hefur styrkt félagið og gefið allt hráefni í matseldina. Einnig hefur félagið staðið að ýmsum verkefnum í samstarfi við Landsbjörg sem lúta forvörum á heimilum eldri borgara, leikskólum og grunnskólum. Þetta eru verkefni eins og öryggi barna í bíl, save travel, glögg er gests augað og fleiri ámotá verkefni.

Áhugafólki um þessi gildi

er bent á að Slysavarnadeildin Tryggvi heldur aðalfund sinn þriðjudaginn 30. apríl næstkomandi í Tryggvabúð á Selfossi og hefst fundurinn kl. 20:00. Allir þeir sem hafa áhuga á að starfa með félaginu eða kynna sér starfsemi þess eru hjartanlega velkomnir. Tekið skal fram að starf í slysavarnadeild er gefandi og eru verkefni bæði fyrir konur og karla á öllum aldri.

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN

SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

BÓNFEDGAR

Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990
Verslun við litla manninn

Jiibbií

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Sprettur

ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSI - WWW.FROSTMARK.IS

**Raf- og Kæli-
þjónustan ehf.**

Sími 660 2970

- Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
- Ísskápaþvöðgerðir
- Almennar raflagnir

GK GLUGGAR

Norður-Nýjabæ | 851 Helli | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

opið alla daga

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka

raudahusid.is
483-3330

Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is

opið 17:00-21:00 mán-fim
12:00-21:00 lau-sun

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Josera.
super premium
gæludýrafóður

Fæst hjá
BYKO Selfossi

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Hjólbarðaðþjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límimiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is [Facebook](https://www.facebook.com/filmulausnir)
Ópið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

**Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaðþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

**BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM
Á NETINU**

NÁM SEM GEFUR RÉTT TIL PRÓFS Á ALLAR GERÐIR
OG STÆRÐIR VINNUVÉLA
ÓPIÐ ALLAN SÓLAHRINGINN

VERÐ 60.000 kr.

**VINNUVÉLA
SKÓLINN**
vinnuvelaskolinn.is

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaðþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími